

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014

Skýrsla um framkvæmd áætlunarinnar 2011–2012



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	1
1. Inngangur	2
2. Framkvæmd þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.....	3
2.1. Framlög til þróunarsamvinnu	3
3. Áherslusvið, málaflokkar og áherslulönd.....	6
3.1. Auðlindir: Fiskimál og orka	6
3.2. Mannauður: Menntun og heilbrigði	7
3.3. Friður: stjórnarfar og endurreisn	8
3.4. Áherslulönd	9
4. Þverlæg málefni	10
4.1. Jafnréttismál	10
4.2. Umhverfismál.....	13
5. Neyðar- og mannúðaraðstoð	16
5.1. Alþjóðastofnanir.....	17
5.2. Frjáls félagasamtök	18
6. Fjölbjóðleg þróunarsamvinna.....	19
6.1. UN Women	19
6.2. UNICEF	21
6.3. Háskóli Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	22
6.4. Alþjóðabankinn	24
7. Friðaruppbygging í Afganistan og Palestínu	26
7.1. Afganistan	27
7.2. Palestína	27
8. Tvíhliða þróunarsamvinna á vegum ÞSSÍ	28
8.1. Malaví	29
8.2. Mósambík.....	31
8.3. Úganda	32
8.4 Svæðasamstarf.....	33
9. Alþjóðlegt samstarf og viðmið	34
10. Stefnuörkun, innra og ytra starf	35
Skammstafanir	37
Framlög til opinberrar þróunaraðstoðar 2010–2012.....	38
Styrkir til íslenskra félagasamtaka 2011–2012	41

1. INNGANGUR

Í rúm 40 ár, eða frá árinu 1971, hafa Íslendingar veitt þróunaraðstoð til fátækustu landa heims með lögformlegum hætti. Það var þó ekki fyrr en hinn 10. júní 2011 sem fyrsta heildræna áætlunin um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands var samþykkt á Alþingi með þingsályktun þar að lútandi (hér eftir nefnd þróunarsamvinnuáætlun). Þróunarsamvinnuáætlun skapar heildarumgjörð fyrir allt opinbert starf Íslands á sviði þróunarmála, friðaruppbyggingar og neyðar- og mannúðaraðstoðar, hvort sem um er að ræða tvíhliða þróunarsamvinnu á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, stuðning við fjölþjóðlegar stofnanir og verkefni á þeirra vegum, verkefni á vegum félagasamtaka eða starf í þágu friðar undir merkjum Íslensku friðargæslunnar. Um áætlunina náðist breið samstaða á Alþingi, en hún einkennist af metnaði stjórnvalda til þess að leggja lóð Íslands á vogarskálar baráttu gegn fátækt í heiminum. Áætlunin er byggð á áherslum á mannréttindi og jafnrétti kynjanna, frið og öryggi, sem og baráttu gegn félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri.

Þróunarsamvinnuáætlun, sem gildir 2011–2014, byggist á lögum nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og kveður skýrt á um að þróunarsamvinna er ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Þannig er leitast við að tryggja innbyrðis samræmi í utanríkisstefnu Íslands með tilliti til hnattrænna efnahags-, umhverfis- og öryggismála. Þá byggist áætlunin á stofnsáttmála SP og helstu alþjóðlegum samþykktum sem varða málaflokkinn, sem og þeim gildum sem íslenskt samfélag stendur fyrir. Ábyrgð, árangur og áreiðanleiki eru kjörorð áætlunarinnar, enda fylgir því mikil ábyrgð að ráðstafa framlögum til þróunarmála.

Í þróunarsamvinnuáætlun er gerð grein fyrir því með hvaða hætti Íslendingar hafa einsett sér að vinna að þróunarstarfi á næstu árum og hvar áherslur skuli liggja. Áætlunin skapar heildarumgjörð fyrir allt opinbert starf Íslands á sviði þróunarmála, friðaruppbyggingu og neyðar- og mannúðaraðstoðar. Þar er fjallað um framlög Íslands til opinberrar þróunarsamvinnu og kemur þar skýrt fram að Íslendingar styðja markmið Sameinuðu þjóðanna um að veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) til þróunarsamvinnu. Í áætluninni er mörkuð sú stefna að á næstu árum muni Ísland auka framlög sín til þróunarsamvinnu og þannig skipa sér í hóp þeirra ríkja sem mest leggja til málaflokksins, en stefnt er að því að veita sem nemur 0,5% af VPT árið 2017 og 0,7% árið 2019.

Í nóvember 2012 var framkvæmd sérstök rýni á umgjörð þróunarsamvinnu Íslands. Rýnin, sem er liður í aðild Íslands að nefndinni, var framkvæmd af sendinefnd frá Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD/DAC). Niðurstöðurnar voru afar jákvæðar, en þar kom m.a. fram að þróunarsamvinna Íslands komi vel út í samanburði við nokkur þeirra aðildarríkja þróunarsamvinnunefndarinnar sem þykja standa sig hvað best á þessu sviði. Þar kom jafnframt fram að talið er mjög aðáunarvert að Ísland hafi skuldbundið sig til að auka framlög til þróunarsamvinnu þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður. Fyrirhuguð aðild að nefndinni er því talin Íslandi, sem og öðrum aðildarríkjum að nefndinni, til hagsbóta.

Í lögum nr. 121/2008 er kveðið á um virka aðkomu Alþingis að umfjöllun um þróunarmál. Þar segir að utanríkisráðherra skuli gefa Alþingi skýrslu á tveggja ára fresti um framkvæmd áætlunarinnar og er hér með lögð fram slík skýrsla fyrir fyrstu tvö gildisár áætlunarinnar – árin 2011–2012. Skýrslan skiptist í 10 kafla auk viðauka, en gerð er grein fyrir framkvæmd þróunarsamvinnuáætlunar eftir áherslusviðum og fjallað um aðgerðir og árangur sem náðst hefur á tímabilinu.

2. FRAMKVÆMD ÞINGSÁLYKTUNAR UM ÁÆTLUN UM ALÞJÓÐLEGA ÞRÓUNARSAMVINNU ÍSLANDS 2011–2014

Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014 felur í sér skýra forgangsröðun í þróunarstarfi Íslands. Lögð er áhersla á stuðning við fátækustu ríki heims og fátækt fólk í ríkjum þar sem gæðum er misskipt. Starf í þágu friðar og stuðningur við endurreisn stríðshrjáðra ríkja er jafnframt mikilvægur þáttur í þróunarstarfi Íslands. Framlög Íslands til þróunarsamvinnu eru ýmist veitt gegnum alþjóðastofnanir og verkefni á þeirra vegum; Þróunarsamvinnustofnun Íslands, sem ber ábyrgð á tvíhliða samstarfi við einstök ríki; verkefni á vegum félagasamtaka; eða undir merkjum Íslensku friðargæslunnar.

Árangur og skilvirkni þróunarstarfs eru leiðarljós áætlunarinnar og með það fyrir augum voru áherslur skerptar hvað varðar málaflokka og samstarfsríki. Lögð er áhersla á þrjá málaflokka; mannauð (menntun og heilsu), auðlindir (fiski- og orkumál) og frið (stjórnarfar og endurreisn) auk tveggja þverlægra málefna: jafnréttis- og umhverfismála. Þá er aðstoðinni einkum beint til fimm ríkja, þremur í sunnanverðri Afríku þar sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er með viðveru: Malaví, Mósambík og Úganda auk Afganistan og Palestínu þar sem stuðningur er fyrst og fremst veittur í gegnum alþjóðastofnanir og félagasamtök. Í fjölþjóðlegu þróunarstarfi er lögð áhersla á samvinnu við fjórar alþjóðastofnanir: Alþjóðabankann, Barnahjálp SP (UNICEF), Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Háskóla SP (HSP/UNU). Eftir sem áður er neyðar- og mannúðaraðstoð mikilvægur liður í þróunarstarfi Íslands og lögð er sérstök áhersla á stuðning við verkefni á vegum frjálsra félagasamtaka, störf Matvælaáætlunar SP (WFP), Neyðarsjóð SP (CERF) og samræmingarskrifstofu SP í mannúðarmálum (OCHA).

Frá því í júní 2011, þegar áætlunin var samþykkt, hafa utanríkisráðuneytið og Þróunarsamvinnustofnun Íslands unnið að framkvæmd áætlunarinnar með markvissum hætti og í þessari skýrslu er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmdinni og þeim árangri sem náðst hefur á tímabilinu.

2.1. FRAMLÖG TIL ÞRÓUNARSAMVINNU

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Fylgt verður tímasettri áætlun um hækkun framlaga á gildistíma þessarar áætlunar úr 0,21 í 0,28% af VPT á tímabilinu 2011–2014	Á áætlun	
Hraðað verður hækkun framlaga við endurskoðun áætlunarinnar árið 2013	Á áætlun	
Árið 2019 renni 0,7% VPT til þróunarmála	Á áætlun	
Sérstakur fjárlagaliður fyrir samstarf við félagasamtök í fjárlögum 2012	Lokið	
Sérstakur fjárlagaliður fyrir Landgræðsluskóla HSP í fjárlögum 2012	Lokið	
Sérstakur fjárlagaliður fyrir samstarf við Alþjóðabankann í fjárlögum 2012	Lokið	
Sérstakur fjárlagaliður um umhverfis- og loftslagsmál í fjárlögum 2012	Lokið	

Í þróunarsamvinnuáætlun er sett fram tímasett áætlun íslenskra stjórnvalda um hvernig ná skuli markmiði SP um að veita sem nemur 0,7% af VPT til þróunarsamvinnu. Þar er gert ráð fyrir að framlögin nemi 0,5% af VPT árið 2017 og að markmiðinu um 0,7% af VPT verði náð árið 2019. Enn fremur er tekið fram að verði hagvöxtur meiri en fyrirbyggjandi spár gera ráð fyrir komi framlögin til endurskoðunar. Árið 2011 námu framlög til þróunarsamvinnu tæpum 3 milljörðum kr. og samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2012 námu framlögin um 3,2 milljörðum kr. Bæði árin nema framlögin 0,21% af VPT. Miðað við fjárlög ársins 2013, sem eru í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun, munu framlögin nema rúmum 4,3 milljörðum króna, eða sem nemur 0,26% af VPT.

Alþjóðleg framlög til þróunarsamvinnu lækkuðu samtals um 2,7% milli árána 2010 og 2011 samkvæmt tölum frá Þróunarsamvinnunefnd OECD. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1997 sem framlög lækka milli ára, en að meðaltali námu framlög aðildarríkja þróunarsamvinnunefndar OECD 0,31% af VPT árið 2011. Samdráttur í framlögum Íslands var þó mun meiri á þessu tímabili og lækkuðu þau um rúm 15% milli ára, úr tæpum 3,5 milljörðum króna í tæpa 3 milljarða kr. Svíþjóð (1,02%), Noregur (1,00%), Lúxemborg (0,99%), Danmörk (0,86%) og Holland (0,75%) veittu áfram meir en sem nemur 0,7% af VPT.


Í eftirfarandi töflu og skífuriti má sjá hvernig framlög Íslands til þróunarmála skiptast árin 2011–2012:

	2011	2012 - áætlun
	M.kr.	M.kr.
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.160,9	1.213,5
<i>Aðalskrifstofa</i>	121,5	125,9
<i>Namibía</i>	47,9	
<i>Mósambík</i>	265,7	286,7
<i>Malaví</i>	265,8	330,9
<i>Úganda</i>	340,0	347,3
<i>Níkaragva</i>	79,5	69,5
<i>Önnur þróunaraðstoð</i>	40,5	53,2
Friðargæsla og uppbygging	170,6	149,9
<i>Almennur kostnaður</i>	39,3	32,5
<i>Undirbúningsnámskeið</i>	2,5	2,1
<i>Kosningaefirlit ÖSE</i>	6,3	3,8
<i>Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin</i>	2,1	2,2
<i>Líbería</i>	0,1	
<i>Mið-Austurlönd</i>	2,0	
<i>Balkanskagi</i>	2,1	
<i>Afganistan</i>	96,6	83,5
<i>Friðargæsla SP</i>	19,6	25,8
Sameinuðu þjóðirnar	552,6	554,90
<i>UNICEF</i>	138,1	138,2
<i>UN WOMEN</i>	125,8	136,9
<i>UNDP</i>	22,1	23,6
<i>UNFPA</i>	51,3	16,0
<i>OCHA</i>	18,8	29,5
<i>UNHCR</i>	23,0	6,3
<i>UNRWA</i>	48,8	71,4
<i>FAO</i>	21,9	26,5
<i>Annað samstarf með SP*</i>	102,9	106,5
Skólar Háskóla SP á Íslandi	395,2	471,3
<i>Jarðhitaskólinn</i>	187,9	236,3
<i>Sjávarútvegsskólinn</i>	157,3	165,4
<i>Landgræðsluskólinn</i>	50,0	69,6
Alþjóðabankinn	291,2	347,9
<i>Samstarf í fiskimálum (PROFISH)</i>	0,5	12,7
<i>Samstarf í orkumálum (ESMAP)</i>	37,5	53,7
<i>Aðgerðaáætlun um jafnréttismál</i>		19,0
<i>Verkefnasjóður</i>		29,2
<i>Alþjóðaframtöfnunin</i>	234,1	204,0
<i>Skuldaniðurfelling þróunarríkja</i>	19,1	22,7
<i>Annað samstarf</i>		6,6
Frjáls félagasamtök	107,9	174,7
<i>ABC barnahjálp</i>	2,1	22,1
<i>Barnaheill</i>	16,8	12,3
<i>Hjálparstarf kirkjunnar</i>	24,7	37,5
<i>Rauði kross Íslands</i>	40,3	58,6
<i>SOS – Barnaþorp</i>	24,0	31,3
<i>Annað</i>		12,9
Önnur þróunaraðstoð	236,7	235,5
<i>Jafnréttisskólinn</i>	38,5	45,2
<i>Önnur marghliða þróunaraðstoð</i>	198,2	190,3

Annar kostnaður	51,0	53,1
Alls	2.966,0	3.200,7
Hlutfall af vergum þjóðartekjum**	0,21	0,21
	<i>1.382.873</i>	<i>1.502.563</i>

* Annað samstarf með SP: WHO, ILO, IAEA, UNESCO, WTO, WFP o.fl.

**Áætlaðar vergar þjóðartekjur skv. Hagstofu Íslands



3. ÁHERSLUSVIÐ, MÁLAFLOKKAR OG ÁHERSLULÖND

Með skilvirkni, samlegðaráhrif og árangur að leiðarljósi er lögð áhersla á þrjú megin svið í þróunarsamvinnu Íslands, þ.e. auðlindir, mannauð og friðaruppbyggingu, en á undanförunum árum hafa um 75% framlaga Íslands til þróunarsamvinnu fallið innan þess ramma. Í þróunarsamvinnuáætlun er kveðið á um að áfram skuli miðað við að því lágmarkshlutfalli skuli náð en árin 2011 og 2012 nam hlutfallið um 80% af heildarframlögum til þróunarmála. Til að skerpa enn fremur áherslur er þar jafnframt kveðið á um að í einstökum samstarfsríkjum séu áherslusviðin að hámarki tvö.

3.1. AUÐLINDIR: FISKIMÁL OG ORKA

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Virk þátttaka í stefnumótun alþjóðastofnana á sviði fiskimála	Á áætlun	
Áhersla lögð á störf FAO og Alþjóðabankans	Á áætlun	
ÞSSÍ leggur sérstaka áherslu á fiskimál í Mósambík og Úganda	Á áætlun	
Stofnun fagteymis UTN og ÞSSÍ í auðlindamálum	Lokið	
Öflugt starf Sjávarútvegsskóla HSP á Íslandi – Starfsemi skólans liður í heildarstefnu Íslands í málaflokknum	Á áætlun	

Virk þátttaka í stefnumótun alþjóðastofnana á sviði orkumála	Á áætlun	
Stuðlað að aukinni fjárfestingu ríkja og þróunarstofnana í jarðhitaverkefnum til hagsbóta fyrir þróunarríki	Á áætlun	
Áhersla lögð á störf SP, Alþjóðabankans, Norræna þróunarsjóðsins og IRENA	Á áætlun	
ÞSSÍ starfi að orkumálum í tvíhliða og svæðisbundnu samstarfi	Á áætlun	
Stofnun fagteymis UTN og ÞSSÍ í auðlindamálum	Lokið	
Öflugt starf Jarðhitaskóla HSP á Íslandi – Starfsemi skólans liður í heildarstefnu Íslands í málaflokknum	Á áætlun	

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda er ein af grunnforsendum efnahagslegrar uppbyggingar í þróunarlöndunum og í þróunarsamvinnuáætlun er lögð sérstök áhersla á fiski- og orkumál.

Fiskimál

Framfarir í fiskimálum eru sérstaklega mikilvægar, en íbúar margra þróunarríkja hafa lífsviðurværi sitt af fiskveiðum. Bætt nýting fiskistofna og meðferð afla ásamt auknu framboði fisks úr fiskeldi eykur fæðuöryggi viðkomandi samfélaga og skapar grundvöll fyrir auknum útflutningstekjum. Uppbygging og innleiðing fiskveiðistjórnunarkerfa sem byggjast á vísindaráðgjöf skipta einnig miklu máli við aðlögun þróunarríkja að áhrifum loftslagsbreytinga. Í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun hefur verið sett á fót fagteymi um fiskimál en því er ætlað að sameina sjónarmið og stefnu íslenskra stjórnvalda á þessu sviði. Í teyminu sitja fulltrúar utanríkisráðuneytisins (þróunarsamvinnusviðs og alþjóða- og öryggissviðs) og ÞSSÍ.

Orkumál

Áríðandi er að styðja þróunarríki til að mæta orkuþörf sinni með nýtingu hreinna og endurnýjanlegra orkuauðlinda þar sem þess er kostur og takmarka þar með áhrif aukinnar orkuframleiðslu á losun gróðurhúsalofttegunda. Sett hefur verið á fót fagteymi um orkumál eins og kveðið er á um í þróunarsamvinnuáætlun, en teymið hefur það meginhlutverk að samræma stefnu íslenskra stjórnvalda á sviði orkumála í opinberu þróunarstarfi. Í teyminu sitja fulltrúar utanríkisráðuneytisins (þróunarsamvinnusviðs, viðskiptasviðs og alþjóða- og öryggissviðs) og ÞSSÍ.

Í þróunarsamvinnu Íslands er unnið að framgangi fiski- og orkumála í þróunarlöndum með tvíhliða samstarfi, stuðningi við alþjóðastofnanir og skólum HSP á Íslandi. Um verkefni og stuðning Íslands á sviði auðlindamála má nánar lesa um í köflum 6 og 8.

3.2. MANNAUÐUR: MENNTUN OG HEILBRIGÐI

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Sérstök áhersla á menntun og fullorðinsfræðslu í öllum samstarfslöndum ÞSSÍ	Á áætlun	
Samstarf við félagasamtök í menntamálum	Á áætlun	
Starfsemi HSP á Íslandi á sviði fiskimála, orkumála og landgræðslu	Á áætlun	
UN Women og UNICEF lykilstofnanir sem stuðla að menntun stúlkna og kvenna	Á áætlun	
ÞSSÍ leggur áherslu á heilbrigðismál og hollustuhætti í Malaví og Úganda, sérstaklega mæðra- og ungbarnaheilsu	Á áætlun	
Samstarf við félagasamtök í heilbrigðismálum	Á áætlun	
Samstarf við UN Women sem stuðlar að bættri heilsu stúlkna og kvenna	Á áætlun	
Þátttaka í samstarfi Norðurlanda um mikilvægi kyn- og frjósemisheilbrigðis og réttinda	Á áætlun	
Með stuðningi við UNICEF er lögð áhersla á heilsufar barna	Á áætlun	

Aukin menntun og betra heilbrigði stuðlar að meiri hagvexti og félagslegum framförum. Fimm af átta þúsaldarmarkmiðum beinast að menntun og heilbrigði og er rík áhersla lögð á þessa málaflokka í þróunarsamvinnuáætlun Íslands.

Menntun

Menntun er grundvöllur framfara en þrátt fyrir miklar úrbætur í aðgengi að menntun undanfarin ár er enn langt í land. Menntun er því áfram lykilþáttur í þróunarsamvinnu Íslands og sérstök áhersla lögð á menntun barna og fullorðinsfræðslu, ásamt uppbyggingu fagþekkingar í orkumálum, fiskimálum, landgræðslu og jafnrétti.

Heilbrigði

Vanburðug heilbrigðisþjónusta og heilsugæsla er enn helsti vandi fátækustu landanna. Heilbrigðismál hafa því áfram verið veigamikill þáttur í þróunarsamvinnu Íslands. Sérstök áhersla hefur verið lögð á grunnþjónustu, hollustuhætti og bættu mæðra- og ungbarnaheilsu. Aukinn aðgangur að hreinu drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu auk bættrar aðstöðu og þjónustu við verðandi mæður og börn þeirra er mikilvægur þáttur í starfi Íslands á þessu sviði.

Í gegnum tvíhliða þróunarsamvinnu á vegum ÞSSI, samstarf við alþjóðastofnanir á borð við UN Women, UNICEF og Mannfjöldasjóð SP (UNFPA), stuðning við verkefni frjálsra félagasamtaka og starfsemi skóla HSP á Íslandi vinnur Ísland að framgangi mennta- og heilbrigðismála, nánar má lesa um þau verkefni í köflum 5–8.

3.3. FRÍÐUR: STJÓRNARFAR OG ENDURREISN

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Stuðningur við verkefni UN Women á Balkanskaga, í Afganistan og Palestínu	Á áætlun	
Framfylgja aðgerðaáætlun um konur, frið og öryggi	Á áætlun	
Nám sérfræðinga frá stríðshráðum ríkjum við jafnréttisskólann	Á áætlun	
Stuðningur við mannúðarstörf alþjóðaráðs Rauða krossins	Á áætlun	
Framlag til samhæfingar endurreisnarstarfs í Afganistan	Á áætlun	
Stuðningur við palestínska flóttamenn með framlagi til SP (UNRWA/UNHCR)	Á áætlun	
Styðja samhæfingu mannúðaraðstoðar í Palestínu í samstarfi við OCHA	Á áætlun	
Stuðningur við verkefni UN Women og UNICEF	Á áætlun	

Í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun og lög um Íslensku friðargæsluna nr. 73/2007 er friður, endurreisn og gott stjórnarfar eitt þriggja áherslusviða þróunarsamvinnu Íslands. Þróunaraðstoð við stríðshráð og óstöðug ríki er oft vandasöm og flóknari en aðstoð við ríki sem hafa innviði sem unnt er að styðja í uppbyggingarstarfi sínu. Meginmarkmið stuðnings við óstöðug ríki er því að efla heimamenn í uppbyggingu ríkisstofnana og innviða sem geta veitt þjód sinni félagslega og efnahagslega þjónustu. Í óstöðugum ríkjum verður að gæta þess að hagsmunir borgaranna séu ávallt í fyrirrúmi og hugað sé sérstaklega að hópum sem standa höllum fæti s.s. konum og börnum.

Stuðningur Íslands felst hvort tveggja í fjárframlögum til alþjóðastofnana og störfum útsendra sérfræðinga á vegum Íslensku friðargæslunnar til starfa hjá alþjóðastofnunum á vettvangi. Árið 2011 markaði tímamót hvað varðar kynjahlutfall útsendra starfsmanna Íslensku friðargæslunnar sem lengi framan af voru að meirihluta karlmenn, en það snerist við árið 2011

þegar fleiri konur en karlar störfuðu á vettvangi. Það hlutfall hefur haldist út árið 2012. Þá er þess gætt að allir friðargæsluliðar hljóti fræðslu um jafnréttismál og ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi¹ áður en þeir halda til starfa. Fræðslan er bæði almenn og sértæk með það fyrir augum að hún nýtist sem best í að vinna að framgangi jafnréttismála á vettvangi.

Farið hefur fram endurskoðun á fyrstu áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar Öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi sem tók gildi árið 2008. Niðurstöðurnar hafa verið birtar á heimasíðu ráðuneytisins og ný áætlun mótuð fyrir árin 2013–2016 (sjá nánar kafla 4.1.). Framkvæmd ályktunarinnar er mikilvæg enda kveður hún á um að tekið sé tillit til stöðu kvenna á átakasvæðum, þátttaka þeirra í friðaruppbyggingu sé tryggð og þær séu verndaðar gegn kynferðislegu ofbeldi. Hefur útsendur sérfræðingur á skrifstofu UN Women í Sarajevó starfað að framkvæmd ályktunarinnar á Balkanskaga frá árinu 1999. Fyrst undir merkjum UNIFEM og síðar UN Women.

Þá hefur utanríkisráðuneytið tekið þátt í kosningaefirliti á vegum Skrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu fyrir lýðræðisstofnanir og mannréttindi (ODIHR) um langa hríð. Sú vinna byggist á því að afar mikilvægt sé að kosningar fari fram á lýðræðislegan og gagnsæjan hátt þegar byggja skal upp gott stjórnarfar í ríkjum sem eru að feta sig áfram á lýðræðisbraut. Fjöldi fólks hefur farið til eftirlitsstarfa á vegum utanríkisráðuneytisins og hefur góður árangur náðst í að jafna kynjahlutfall í hópi kosningaefirlitsmanna. Á árunum 2011 og 2012 voru átta konur og fimm karlar sendir til eftirlitsstarfa í sveitarstjórnarkosningum í Albaníu, þingkosningum í Kasakstan, Kyrgistan, og Makedóníu og þingkosningum og forsetakosningum í Rússlandi.

3.4. ÁHERSLULÖND

Í þróunarstarfi Íslands er lögð áhersla á stuðning við ríki og landsvæði þar sem fátækt og neyð er hvað mest. Afganistan, Malaví, Mósambík og Úganda eru öll í hópi fátækustu þróunarríkjanna og mikil þörf er á efnahagslegri og félagslegri aðstoð í Palestínu og Afganistan. Stuðningur við Malaví, Mósambík og Úganda byggist á tvíhliða samstarfi í gegnum ÞSSÍ, enda ríkir þar meiri stöðugleiki í efnahags- og stjórnáttum en í Afganistan og í Palestínu þar sem framvinda endurreisnar og uppbyggingar litast af erfiðu ástandi á sviði öryggismála og pólitískum átökum. Í Afganistan og Palestínu hafa íslensk stjórnvöld ekki stöðuga viðveru og fyrir vikið fer aðstoðin fram í samstarfi við alþjóðastofnanir og félagasamtök sem þar starfa.

Unnin hefur verið samstarfsáætlun fyrir Malaví og unnið er að samskonar áætlunum fyrir Mósambík og Úganda, en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á vormánuðum 2013. Samstarfsáætlanir eru gerðar í samstarfi við viðkomandi ríki og byggjast á þörfum og þróunaráætlun hvers ríkis. Þær mynda ramma utan um samstarfið til nokkurra ára í senn með

¹ Þegar vísað er í ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 er jafnframt átt við ályktanir 1820, 1888, 1889 og 1960 um konur, frið og öryggi.

Það að markmiði að ná sem mestum árangri. Fyrir stuðning Íslands við Palestínu hefur verið unnin aðgerðaáætlun sem byggist m.a. á ályktun Alþingis frá 29. nóvember um viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á Palestínu sem sjálfstæðu og fullvalda ríki². Stuðningur Íslands við Palestínu fer í gegnum alþjóðastofnanir og félagasamtök. Unnið er að sambærilegri áætlun fyrir Afganistan og gert er ráð fyrir að hún verði tilbúin vorið 2013.

Auk stuðnings við áherslulöndin fimm hefur Ísland tekið þátt í starfi ríkjahópa, einkum á sviði fiski- og orkumála. Í lok árs 2011 skrifaði utanríkisráðuneytið undir samstarfssamning við Alþjóðabankann um aukna nýtingu jarðhita í Austur-Afríku-sigdalnum (e. *East African Rift Valley*). Um er að ræða tímamótasamning, enda varð Ísland stærsti ráðgjafi bankans á sviði jarðhitanýtingar með undirskriftinni. Nánar er fjallað um verkefnið í köflum 6.4 og 8.4.

4. ÞVERLÆG MÁLEFNI

Jafnréttis- og umhverfismál eru þverlæg málefni í þróunarsamvinnuáætlun og tekið er fram að allt þróunarstarf Íslands skuli taka tillit til þeirra.

4.1. JAFNRÉTTISMÁL

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Stofnun fagteymis um jafnréttismál	Lokið	
Mótun jafnréttisstefnu í þróunarsamvinnu byggð á endurskoðun á stefnu ÞSSÍ – Lokið: Janúar 2012	Lokið	
Endurskoðun á aðgerðaáætlun um konur, frið og öryggi – Lokið: Mars 2011	Lokið	
Stuðningur við tilraunaverkefni um jafnréttisskóla	Á áætlun	
Í úttektum á þróunarverkefnum lagt sérstakt mat á samþættingu jafnréttissjónarmiða	Á áætlun	
Jöfn staða kynjanna meðal starfsmanna í þróunarsamvinnu.	Á áætlun	
Unnið markvisst að jafnréttismálum og framgangi ályktana öryggisráðsins um konur, frið og öryggi á vettvangi alþjóðastofnana.	Á áætlun	

Í jafnrétti kynjanna felast grundvallarmannréttindi sem mynda grunninn að framförum, sjálfbærri þróun og framvindu þúsaldarmarkmiða SP. Í þróunarsamvinnuáætlun er lögð áhersla á mikilvægi þess að bæði kynin hafi jöfn tækifæri til áhrifa, þátttöku og ábata af verkefnum Íslands á sviði þróunarsamvinnu. Unnið er að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna með tvennum hætti: annars vegar með því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í þróunarverkefni og hins vegar með stuðningi við verkefni sem hafa kynjajafnrétti að meginmarkmiði.

Sérstakt fagteymi í jafnréttismálum sem vinnur á sviði þróunarmála var stofnað á árinu 2011. Í því sitja fulltrúar þróunarsamvinnusviðs utanríkisráðuneytisins, fulltrúar ÞSSÍ og fulltrúar alþjóða- og öryggissviðs ráðuneytisins. Hlutverk teymisins er meðal annars að samræma starfsemi ráðuneytisins og ÞSSÍ á sviði jafnréttismála í þróunarsamvinnu, vinna markvisst að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og fylgja eftir áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi.

² Innan landamæranna frá því fyrir sex daga stríðið árið 1967.

Framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi³

Haustið 2011 fór fram endurmat á áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Áætlunin var gefin út árið 2008, og var þar kveðið á um að endurmat skyldi fara fram að þremur árum liðnum og niðurstöður þess birtar opinberlega. Óháður sérfræðingur vann endurmatið og skilaði niðurstöðum haustið 2011. Þær hafa verið birtar á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. Í endurmatinu var fjallað um helstu styrkleika og veikleika áætlunarinnar, auk þess sem rætt var um lærdóm sem draga má af framkvæmdinni m.t.t. næstu áætlunar.

Helstu styrkleikar áætlunarinnar voru taldir að Ísland hefði verið með fyrstu ríkjum til að setja sér aðgerðaáætlun og sendi með því skilaboð um að ekki væri nægilegt að samþykkja ályktanir, gera þyrfti áætlun um hvernig ætti að standa að framkvæmd þeirra. Þá var hlutverk Íslands sem málsvara ályktunarinnar talið skýrt og þátttaka kvenna í ákvarðanatöku í forgrunni. Það var talinn kostur að áætlunin hefði verið tengd almennri stefnu stjórnvalda og að hún hefði tekið til fleiri þátta en Íslensku friðargæslunnar þrátt fyrir að vera upprunnin þaðan. Áætlunin var bæði sértæk og almenn og rúmaði þannig margvíslegar aðgerðir. Veikleikar áætlunarinnar voru taldir áþekkir veikleikum annarra fyrstu kynslóðar áætlana. Til að mynda var ekki gert ráð fyrir að konur sem hafa búið við vopnuð átök hefðu áhrif á hvernig unnið er samkvæmt ályktuninni og hefði hún ekki tekið til verkefna utan utanríkisráðuneytisins. Þá var eignarhald, eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd ekki nógu skýrt auk þess sem tímasetta mælikvarða skorti.

Fagteymi í jafnréttismálum mótaði nýja áætlun sem tók mið af ábendingum sem fram komu í endurmatinu. Ný framkvæmdaáætlun Íslands nær til tímabilsins 2013-2016, en á miðju tímabilinu (2014/2015) verður gerð úttekt á framgangi verkefna, markmiðum og aðgerðum. Í áætluninni eru sett fram fjögur meginmarkmið, áætlaður afrakstur, aðgerðir og mælikvarðar. Fjallað er um aðgerðir Íslands á sviði aukinnar þátttöku kvenna í friðarstarfi og – uppbyggingu, aðgerðir hvað varðar forvarnir og vernd kvenna og stúlkna gegn kynferðislegu ofbeldi og aðstoð og endurhæfingu fyrir fórnarlömb ofbeldis auk þess sem sérstaklega er fjallað um fræðslu og málsvarastarf annars vegar og samstarf og samráð hins vegar.

Jafnréttisstefna á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands

Í þróunarsamvinnuáætlun er kveðið á um gerð sameiginlegrar jafnréttisstefnu utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Fagteymi í jafnréttismálum vann drög að jafnréttisstefnu sem kynnt voru samstarfsráði í þróunarsamvinnu hinn 17. desember 2012.

³ Þegar vísað er í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 í töflunni, er jafnframt átt við ályktanir 1820, 1888, 1889 og 1960 um konur, frið og öryggi.

Jafnréttisstefnan byggist hvort tveggja á alþjóðlegum samþykktum og íslenskri löggjöf og gengur út frá þeirri staðreynd að kynjajafnrétti séu grundvallarmannréttindi. Lögð er áhersla á fjögur meginvið; menntun, heilbrigði, auðlinda- og umhverfismál og konur, frið og öryggi, sem endurspeglar jafnframt áherslupætti þróunarsamvinnuáætlunar. Í jafnréttisstefnunni kemur fram að unnið verður að kynjajafnrétti með tvennum hætti; annars vegar með samþættingu kynjasjónamiða og hins vegar með stuðningi við sérstök jafnréttisverkefni sem hafa kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði. Þá er gerð grein fyrir eftirfylgni og áhersla lögð á árangursmælingar og eftirlit.

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð – greining á framlögum til þróunarsamvinnu

Í apríl árið 2011 samþykkti ríkisstjórnin þriggja ára áætlun verkefnisstjórnar um áframhaldandi innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Vinna við innleiðinguna hefur staðið yfir frá árinu 2009 þegar ráðuneyti og undirstofnanir unnu tilraunaverkefni þar að lútandi. Verkefni utanríkisráðuneytisins (bæði tilraunaverkefnið sem og meginmálaflokkurinn) snýr að greiningu á framlögum Íslands til þróunarsamvinnu með tilliti til áhrifa þeirra á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Í áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014 er jafnrétti kynjanna þverlægt málefni og lögð er áhersla á að bæði kynin hafi jöfn tækifæri til áhrifa, þátttöku og ábata af verkefnum Íslands.

Framlög til þróunarsamvinnu eru mjög ólík innbyrðis og ekki er hægt að rekja þau öll til einstakra verkefna á vettvangi. Þau eru ýmist almenn eða eyrnamerkt framlög til alþjóðastofnana eða félagasamtaka eða tvíhliða framlög til einstakra samstarfslanda Íslands. Því er notast við þrjár aðferðir við greininguna.

Í fyrsta lagi eru eyrnamerkt framlög og tvíhliða þróunarsamvinna skoðuð með tilliti til þess hvort og hversu mikil áhrif verkefnum er ætlað að hafa á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Þetta er stærsti hluti verkefnisins því eyrnamerkt framlög og tvíhliða þróunarsamvinna nema að jafnaði um 65–70% af heildarframlögum til þróunarsamvinnu (65% árið 2011). Við greininguna er notuð kynjajafnréttisstika (e. *the Gender Equality Policy Marker*) Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD/DAC), en með henni er þróunarstarf greint og flokkað eftir tilætluðum áhrifum þess á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Flokkarnir eru þrír:

- Stika 2: verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að **meginmarkmiði** (e. *Principal Objective*).
- Stika 1: verkefni sem stuðla á **marktækan hátt** að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna (e. *Significant Objective*).
- Stika 0: verkefni sem **ekki** hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að **markmiði** (e. *Not targeted to the policy objective*).

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði eða er ætlað að stuðla að því á marktækan hátt (stika 1 og 2) námu 79,4% af eyrnamerknum framlögum utanríkisráðuneytisins og tvíhliða þróunarsamvinnu árið 2011.

Niðurstöður greiningar á eyrnamerknum framlögum og tvíhliða þróunarsamvinnu 2011:

	2011
<i>Stíka 2</i> Verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði	16,1%
<i>Stíka 1</i> Verkefni sem stuðla á marktækan hátt að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna	63,3%
<i>Stíka 0</i> Verkefni sem ekki hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að markmiði	20,6%
<i>Samtals</i>	100%

Auk greiningar með kynjajafnréttisstíkunni er rík áhersla lögð á jafnréttismál í úttektum sem ÞSSÍ lætur gera á verkefnum sínum. Með þeim hætti er tilætluðum áhrifum á jafnrétti kynjanna og markmiðum verkefnisskjala veitt eftirfylgni og í ljós kemur hvort ætluð áhrif verkefna skili sér til haghafa á vettvangi.

Í öðru lagi eru almenn framlög til alþjóðastofnana skoðuð með tilliti til þess hvort og með hvaða hætti stofnanirnar innleiða jafnréttisstefnur og -áætlanir sínar og fylgst er með úttektum sem gerðar eru þar að lútandi. Upphafleg greining leiddi í ljós að nær allar stofnanir leggja áherslu á jafnrétti kynjanna og samþættingu kynjasjónarmiða í starfi sínu. Unnið er að greiningu á úttektum þeirra stofnana sem Ísland veitir framlög til m.t.t. til innleiðingar og framkvæmdar jafnréttisstefna á vettvangi. Niðurstöðurnar verða birtar í lokaskýrslu verkefnisins vorið 2014.

Í þriðja lagi er fylgst með hvernig skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi innleiða kynjajafnrétti í starfsemi sína og námsefni. Allir skólarnir þrír leggja áherslu á jöfn kynjahlutföll nemenda sé þess kostur. Enginn skólanna hefur sett sér formlega jafnréttisstefnu, en unnið er að gerð þeirra og fylgist utanríkisráðuneytið grannt með þeirri vinnu. Utanríkisráðuneytið telur jafnframt mikilvægt að flétta jafnréttismál inn í námsefni skólanna, en slík fræðsla er talin geta haft margföld áhrif og þá sérstaklega til lengri tíma er litið. Jafnréttismál hafa frá upphafi verið hluti af námsefni nemenda við Landgræðsluskólann og hefur Sjávarútvegsskólinn verið að taka tillit til þeirra í námsefni skólans. Fylgst verður með skólum HSP á Íslandi m.t.t. jafnréttismála og verður gerð grein fyrir stöðu mála í lokaskýrslu verkefnisins vorið 2014.

4.2. UMHVERFISMÁL

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Mótun umhverfisstefnu í þróunarsamvinnu – Lokið: Apríl 2012	Í vinnslu	Lokið: apríl 2013
Sérstakur fjárlagaliður vegna umhverfis- og loftslagsmála í fjárlögum 2012	Lokið	
Sérstaklega fjallað um sjálfbærni í umhverfismálum við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna	Á áætlun	
Virk þátttaka í störfum alþjóðastofnana á sviði endurnýjanlegra orkugjafa	Á áætlun	
Öflug starfsemi Jarðhitaskóla og Landgræðsluskóla HSP	Á áætlun	
Framlag til alþjóðlegs loftslagssjóðs á vegum SP	Á áætlun	
Stuðningur við smáeyrþróunarríki vegna loftslagsmála	Á áætlun	

Umhverfismál eru þverlægt málefni í þróunarsamvinnuáætlun og leitast er við að öll þróunarverkefni taki tillit til umhverfissjónarmiða og séu unnin í sátt við umhverfið. Með samþættingu umhverfismála eru send skýr skilaboð um að umhverfisvernd og sjálfbær nýting

auðlinda séu ávallt í forgrunni þegar unnið er að því að tryggja framgang þúsaldarmarkmiðanna.

Í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun var á árinu 2011 hafist handa við gerð umhverfisstefnu í þróunarsamvinnu. Þar verða lagðar línur um hvernig fjalla skuli um sjálfbærni í umhverfismálum við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna. Við gerð stefnunnar var litið til áherslna nágrannalanda á þessu sviði og hvort hægt væri að draga lærdóm af reynslu þeirra í málaflokknum. Þá er stefnan byggð á heildarstefnu stjórnvalda í umhverfismálum og tekur hún einnig mið af alþjóðlegum samþykktum er varða þróunarsamvinnu, þ.á m. niðurstöðum umhverfiráðstefnu SP í Ríó de Janeiro 1992 og ráðstefnanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002 og í Ríó de Janeiro 2012. Stefnan er komin vel á veg og lítur allt út fyrir að hún verði tilbúin fyrrihluta árs 2013.

Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu og reynslu af nýtingu jarðhita, endurheimt vistkerfis og sjálfbærri landnýtingu. Með stuðningi við starfsemi skóla HSP á Íslandi er hægt að miðla þessari þekkingu áfram til þróunarlanda og stuðla þannig að framförum í viðkomandi löndum (sjá nánar kafla 6.3.).

Skammtímafjármögnun loftslagsverkefna

Veitt voru framlög til loftslagstengdrar þróunaraðstoðar á árunum 2011–2012 að upphæð einni milljón Bandaríkjadala, eins og ríkisstjórnin ákvað í nóvember 2010. Er þar um að ræða framlag Íslands samkvæmt vilyrði iðnríkja í Kaupmannahafnarsamkomulaginu um að verja 30 milljörðum Bandaríkjadala til að fjármagna til skamms tíma skammtímafjármögnunar þróunaraðstoðar á sviði loftslagsmála á árunum 2010–2012. Samþykkt var að fjármunirnir skyldu renna til verkefna þar sem styrkur og áherslur Íslands lægju, svo sem á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, jafnréttismála og starfsemi HSP á Íslandi, auk þess sem hluti framlagsins myndi renna til sjóðs á vegum Rammasamnings SP um loftslagsbreytingar. Sérstök áhersla var lögð á að fjármagnið væri bæði veitt til verkefna er lúta að aðgerðum til að draga úr loftslagsbreytingum sem og til verkefna sem miða að því að auðvelda þróunarríkjum að aðlagast breyttum aðstæðum vegna loftslagsbreytinga. Á alþjóðlegum vettvangi hefur verið lögð rík áhersla á að framlög til loftslagstengdra þróunarverkefna séu hrein viðbót við almenn framlög til þróunarsamvinnu. Í samræmi við það og ákvæði þróunarsamvinnuáætlunar er frá og með 2012 sérstakur fjárlagaliður um framlög til umhverfis- og loftslagsmála í þágu þróunarlanda.

Með ofangreint í huga var fjármunum varið í sex verkefni og sjóði á árunum 2011-2012.

Í fyrsta lagi í sjóð á vegum Rammasamnings SP fyrir fátækustu þróunarlöndin sem hefur að markmiði að veita fátækustu þróunarlöndunum stuðning við að undirbúa og framkvæma aðgerðaáætlanir um aðlögun að loftslagsbreytingum. Þrátt fyrir að sjóðurinn sé nokkuð nýttkominn hefur hann getið sér gott orð fyrir góðan árangur og hefur fengið jákvæðar úttektir frá þróunarsamvinnustofnunum og óháðum úttektaraðilum. Eins og nafnið gefur til kynna leggur sjóðurinn sérstaka áherslu á fátækustu ríkin og þá hóp sem eru hvað fátækastir. Verkefni á vegum sjóðsins eru því flest í Afríku sunnan Sahara, en einnig hefur sjóðurinn veitt töluverðan stuðning til smáeyþróunarríkja sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir

loftslagsbreytingum. Þá samþykkti sjóðurinn árið 2011 jafnréttisstefnu með það að markmiði að samþætta jafnréttissjónarmið í öll verkefni styrkt af sjóðnum.

Í öðru lagi til samstarfsverkefnis utanríkisráðuneytisins, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP (FAO), Sjávarútvegsskóla HSP, Alþjóðlega jafnréttisskólans og PSSÍ. Meginmarkmið verkefnisins er að auka skilning og þekkingu á áhrifum loftslagsbreytinga á afkomu fólks sem lifir af fiskveiðum úr sjó og vötnum, sem og fiskeldi, einkanlega með tilliti til jafnréttismála. Verkefnið fléttar þannig saman þrjú af áherslusviðum Íslands í þróunarsamvinnu: fiski-, jafnréttis- og umhverfismál. Fyrsta áfanga verkefnisins er nú lokið en í honum fór fram undirbúnings- og greiningarvinna, gerð var úttekt á bestu venjum (e. *good practice*) og lærdómur dreginn af öðrum verkefnum um viðbrögð við loftslagsbreytingum. Undirbúningsvinnan var framkvæmd af FAO og GEST í sameiningu, og héldu sérfræðingar á þeirra vegum til Mósambík í vettvangsrannsókn í apríl sl. þar sem tekin voru viðtöl við fólk í fiskimannasamfélögum sem glíma við áhrif loftslagsbreytinga. Þá var haldin vinnustofa með hagsmunaaðilum í Úganda í júní sl. Þar var farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar, þarfir greindar og mat lagt á möguleika til aðgerða í samstarfslöndum Íslands í framhaldinu. Helstu niðurstöður fyrsta áfanga benda til að þekking á málaflokknum sé enn takmörkuð þrátt fyrir ýmsar aðgerðir bæði innan samstarfslanda Íslands og á alþjóðlegum vettvangi til að efla vitund og skilning á afleiðingum loftslagsbreytinga. Unnið er að öðrum hluta verkefnisins.

Í þriðja lagi í sjóð sem hefur að markmiði að auka hlut kvenna í alþjóðlegum viðræðum um loftslagsmál (e. *Women Delegates Fund*). Sjóðurinn stendur straum af kostnaði vegna þátttöku kvenna frá þróunarlöndunum til að sækja loftslagsráðstefnur og fundi Sameinuðu þjóðanna og taka þannig þátt í samningaviðræðunum fyrir hönd sinna landa. Þótt hlutfall kvenna í sendinefndum á ráðstefnum loftslagssamnings SP (UNFCCC) hafi farið vaxandi á sl. árum eru konur í minnihluta og voru aðeins 17% formanna sendinefndanna árið 2011 og 23% árið 2012. Framlag Íslands árið 2011 nýttist m.a. til að standa straum af þátttöku fimm kvenna frá Gana, Tansaníu, Cook-eyjum, Nepal og Líberíu á fundi loftslagssamningsins í Bonn í maí 2012 auk þess sem þær fengu þjálfun áður en samningarviðræður hófust. Sóttu konurnar þriggja kvöld námskeið í Bonn, til að búa sig undir samningaviðræðurnar og byggja upp hæfni til virkrar þátttöku í fundinum. Farið var yfir samningatækni, ræðumennsku og ráð gefin um hvernig hægt væri að ná árangri í samningaviðræðum og koma skilaboðum á framfæri. Á meðan á samningaviðræðunum stóð hittust fulltrúarnir á hverjum degi til að fara yfir stöðu mála og deila upplýsingum um framgang jafnréttissjónarmiða í viðræðunum. Samkvæmt lokaskýrslu sjóðsins heppnaðist undirbúningsnámskeiðið mjög vel og voru konurnar betur í stakk búnar til að taka virkan þátt í samningaviðræðunum fyrir hönd sinna landa. Áætlað er að framlag Íslands til sjóðsins árið 2012 muni nýtast til þátttöku kvenna frá þróunarlöndunum í loftslagsráðstefnunum árið 2013, bæði í Bonn og Varsjá, og áframhaldandi færniuppbyggingu þeirra með svipuðum hætti og áður.

Í fjórða lagi til samstarfsverkefnis PSSÍ, Makarere-háskóla í Úganda, Alþjóðlega jafnréttisskólans, sendiráða Noregs og Danmerkur í Úganda og utanríkisráðuneytisins er felst í rannsóknnum og námskeiðum á sviði kynbundinna áhrifa loftslagsbreytinga í Úganda. Hluti verkefnisins sneri einnig að þjálfun sendinefndar Úganda fyrir aðildarríkjafund Loftslagssamnings SP í Durban í desember sl. sem miðaði að því að auka færni þeirra og

þekkingu á jafnréttismálum með það fyrir augum að horfa sérstaklega til jafnréttissjónarmiða í loftslagsviðræðunum. Nánar er fjallað um verkefnið í kafla 8.3.

Í fimmta lagi til orkuverkefnis á vegum IRENA (*International Renewable Energy Agency*), alþjóðlegra samtaka um uppbyggingu endurnýjanlegrar orku í þróunarríkjum. Verkefnið, sem einnig verður unnið á árinu 2013, er fyrsta jarðhitaverkefni samtakanna, en það snýr að úttekt á stöðu jarðhitamála í ríkjum sem liggja að Andes-fjallgarðinum í Mið- og Suður-Ameríku, þ.e. Perú, Chíle, Bólivíu, Ekvador og Kólumbíu. Hluti verkefnisins snýr að greiningu á möguleikum jarðhitanýtingar í fyrrgreindum ríkjum, en stuðningur Íslands felst m.a. í greiðslu fyrir framlag jarðhitasérfræðings til þeirrar vinnu.

Að lokum til loftslagsverkefnis á vegum UN Women árið 2012. Verkefnið var sett á laggirnar í kjölfar R10+20-ríkjaráðstefnunnar í júní sl. til að tryggja að jafnréttissjónarmiðum sé komið á framfæri í alþjóðlegum samningaviðræðum og stefnumótun á sviði loftslagsmála. Jafnréttismál voru ein af aðaláherslum Íslands á ráðstefnunni og er mikilvægt að fylgja þeirri vinnu eftir með framlagi til málaflokksins. Mun framlag Íslands til verkefnisins sérstaklega nýtast til að tryggja að jafnréttissjónarmið séu ávallt höfð að leiðarljósi í stefnumótun á sviði loftslagsmála, en talið er að loftslagsbreytingar hafi hlutfallslega meiri áhrif á konur en karla, ekki síst í fátækustu ríkjum heims þar sem þurrkar lengja leiðina að vatnsbólum og gera aðgengi að eldiviði erfiðari. Með þátttöku í verkefninu bætast Íslendingar í hóp annarra Norðurlanda sem styðja verkefnið, s.s. Noregs og Danmerkur.

5. NEYÐAR- OG MANNÚÐARAÐSTOÐ

Á hverju ári líða hundruð milljóna manna vegna afleiðinga náttúruhamfara, stríðs og vopnaðra átaka. Leiðarljósið í mannúðaraðstoð Íslands er að bjarga mannlífum og draga úr þjáningu á neyðarsvæðum, ekki síst meðal þeirra sem standa höllum fæti s.s. kvenna og barna. Ísland leggur áherslu á að mannúðarlög og mannréttindi séu virt og að óbreyttir borgarar hljóti þá vernd sem alþjóðalög og -sáttmálar gera ráð fyrir. Jafnframt er lögð áhersla á þátttöku í samhæfðum aðgerðum til að auka ekki á ringulreiðina sem oft skapast á neyðarsvæðum.

Í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun var í nóvember 2012 lýst yfir þátttöku í alþjóðlegu átaki um góða starfshætti í mannúðaraðstoð (e. *Good Humanitarian Donorship*). Er undirbúningur hafinn að aðlögun mannúðaraðstoðar Íslands að verklagi og viðmiðum átaksins og verður fram haldið á næsta ári. Verklagsreglur átaksins eru einnig viðmiðin sem Þróunarsamvinnunefnd OECD styðst við á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar. Þá taka íslensk stjórnvöld einnig þátt í norrænu samráði um neyðar- og mannúðaraðstoð og var árlegur fundur Norðurlandanna haldinn í Reykjavík í október 2012.

Megnið af neyðar- og mannúðaraðstoð Íslands rennur til fjölþjóðastofnana, hvort heldur sem um er að ræða bein framlög eða sérfræðiaðstoð. Auk þess eru frjáls félagasamtök mikilvægur hlekkur í að koma neyðaraðstoð til þurfandi þar sem staðarþekking þeirra og tengsl við grasrótarsamtök er oft lykill að skjótri aðkomu. Þessu gera stjórnvöld sér glögga grein fyrir og voru 104 milljónir ætlaðar samstarfi við félagasamtök árið 2011. Í fjárlögum 2012 var í fyrsta sinn eyrnamerkt fjárhæð, tæpar 175 milljónir kr., til samstarfs við þau. Það er drjúgur hluti

þeirra u.þ.b. 8% framlaga til þróunarsamvinnu sem var á síðasta ári varið til neyðar- og mannúðarmála.

5.1. ALÞJÓÐASTOFNANIR

	Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
OCHA	Regluleg framlög til OCHA – Sérstök framlög skapist ófyrirséð þörf	Á áætlun	
	Skammtímastörf sérfræðinga á vegum UTN fyrir OCHA á vettvangi	Á áætlun	
	Virk þátttaka í málefnavinnu Norðurlanda um neyðaraðstoð SP	Á áætlun	
CERF	Regluleg framlög til CERF	Á áætlun	
	Virk þátttaka í málefnavinnu Norðurlanda um neyðaraðstoð SP	Á áætlun	
WFP	Framlög til neyðaraðstoðar WFP þar sem þörf skapast	Á áætlun	
	Skammtímastörf sérfræðinga á vegum UTN fyrir WFP á vettvangi	Á áætlun	
	Virk þátttaka í málefnavinnu Norðurlanda um WFP	Á áætlun	
Alþjóðlegt átak um mannúðaraðstoð	Ísland gerist aðili að alþjóðlegu átaki um mannúðaraðstoð innan tveggja ára	Lokið	
	Unnið verður skipulega skv. verklagi og viðmiðum átaksins frá árinu 2012	Á áætlun	

Alþjóðastofnanir Sameinuðu þjóðanna eru meginveitandi neyðar- og mannúðaraðstoðar og samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun er lögð áhersla á stuðning við WFP, CERF og OCHA. Ýmist er framlögum beint í neyðarsjóði þessara stofnana eða þeir styrktir með sérfræðiráðgjöf þar sem þörfin er knýjandi. Þegar þurrkar ollu miklum búsjúfum í Austur-Afríku síðari hluta árs 2011 og þegar uppskerubrestur varð á Sahel-svæðinu í Vestur-Afríku árið 2012 voru veitt framlög til WFP. Þá hefur sérfræðingur á vegum friðargæslunnar starfað með skrifstofu WFP í Malaví frá miðju ári 2012 við skólamáltíðaverkefni þar sem viðvarandi vannæring hamlar þroska barna. Síðla árs 2012 voru veitt framlög til UNICEF vegna neyðaraðstoðar við flóttamenn á landamærum Sírylands og Jórdaníu, til WFP vegna matargjafa í Palestínu og UNCHR vegna flóttamanna frá Sírylandi. Einnig var veitt sérstakt framlag til UNRWA til að sinna palestínskum flóttamönnum sem hrakist hafa frá Sírylandi. Þá voru árið 2012 veitt framlög í neyðarsjóði OCHA, bæði almenna neyðarsjóð CERF sem og í sérstakan neyðarsjóð fyrir Palestínu.

Námskeið á vegum OCHA og Íslensku friðargæslunnar um öflun, vinnslu og miðlun upplýsinga var haldið í Reykjavík dagana 7.–11. maí 2012. Markmið slíkra námskeiða er að þjálfa fólk svo senda megi það með skömmum fyrirvara til starfa á ófriðar- og neyðarsvæðum. Námskeiðið fjallaði um stjórnun og miðlun upplýsinga um aðstæður á neyðarsvæðum. Þátttakendur komu frá samstarfsaðilum OCHA um viðbragðslista (e. *stand-by-partners*) en Íslenska friðargæslan er einmitt einn þeirra. Alls voru þátttakendur 23, þar af fjórir íslenskir og voru þrír þeirra frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Að auki komu sex leiðbeinendur erlendis frá. OCHA lagði til leiðbeinendur og kennsluefni en friðargæslan lagði þátttakendum og kennurum til bæði gistingu og fæði auk kennsluhúsnæðis og stoðþjónustu. Þetta var í fyrsta sinn sem OCHA-skrifstofurnar í New York og Genf unnu saman að námskeiði af þessu tagi og jafnframt í fyrsta sinn sem utanríkisráðuneytið hefur átt samvinnu við OCHA um námskeiðahald sem þetta. Námskeiðið gekk mjög vel og lýstu OCHA-menn yfir mikilli ánægju með miðlæga staðsetningu og alla framkvæmd.

Verkefni til uppbyggingar viðlagastjórnunarkerfis hjá Palestínumönnum hófst árið 2011 í samvinnu við OCHA en vegna skilgreininga á starfsumboði SP-stofnana varverkefnið formlega flutt yfir til Þróunaráætlunar SP (UNDP) þótt samstarf við OCHA væri enn náði. Verkefninu var fram haldið 2012 þegar þremur fulltrúum frá Palestínu var boðið til fjögurra vikna námskeiðs í viðlagastjórnun við Háskóla Íslands. Þessir nemendur munu gegna lykilhlutverki við að flytja þekkingu sína til heimamanna með áframhaldandi aðstoð viðlagasérfræðings frá Íslandi á næstu mánuðum.

Þá voru sérfræðingar á svæðisskrifstofum alþjóðastofnana gagnvart Palestínumönnum, s.s. Flóttamannahjálpar Palestínumanna (UNRWA) og UNICEF vegna heilbrigðisverkefnis á Gaza, að störfum allt þetta tímabil auk þess sem útsendur sérfræðingur starfaði um fjögurra mánaða skeið á Sómalíu-skrifstofu UNICEF í Kenýa en börn í Sómalíu líða mjög fyrir langvarandi ófrið.

5.2. FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Sérstakur fjárlagaliður um samstarf við félagasamtök í fjárlögum frá 2012	Lokið	
Núverandi verklagsreglum um umsóknir og styrkveitingar fylgt	Á áætlun	
Endurskoðun á verklagsreglum – Lokið: Ágúst 2012	Lokið	

Íslensk stjórnvöld telja mikilvægt að styrkja mannúðar- og þróunarverkefni frjálsra félagasamtaka auk þess sem þau eru oft mikilvægur veitandi neyðaraðstoðar vegna staðarþekkingar og tengsla við grasrótina á svæðum sem þau starfa á. Komast þau oft að þar sem alþjóðastofnanir eiga erfiðara með aðgang svo sem verið hefur í Sómalíu undanfarið þar sem stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa átt erfitt með að veita aðstoð vegna andstöðu ráðandi afla. Það er því mikilvægt að hafa um nokkrar leiðir að velja til að tryggja árangur aðstoðar. Félagasamtök vinna einnig mikilsvert málsvarastarf og með þeim starfar fjöldi manns sem lætur sig málefni þróunarríkja varða.

Á árinu 2011 var ríflega 108 milljónum kr. úthlutað til neyðar- og mannúðarverkefna íslenskra félagasamtaka en sökum takmarkaðs fjármagns var það ár einungis unnt að taka neyðar- og mannúðarverkefni til greina við styrkveitingu. Þróunarsamvinnuáætlun gerir hins vegar ráð fyrir að 6% þróunarframlaga sé varið til samstarfs við félagasamtök á árinu 2012 sem voru um 174 milljónir króna á sérstökum fjárlagalið. Þar sem fénu skal bæði varið til þróunar- og neyðar- og mannúðarverkefna voru verklagsreglur um samstarf endurskoðaðar með tilliti til þess eins og kveðið er á um í þróunarsamvinnuáætlun. Verklagsreglunum, sem unnið hefur verið eftir frá 2009, var einungis breytt lítilsháttar en í greinargerð vinnuhóps sem fylgdi tillögum var talið nauðsynlegt að fara í frekari endurskoðun árið 2013. Ítarlegri endurskoðun mun gera samstarf við félagasamtökin enn öflugra og markvissara og stuðla að því að félagasamtök eflist og dafni á Íslandi. Breytingartillögurnar voru sendar félagasamtökunum til umsagnar og kynntar á fundi í mars 2012.

Framlög til verkefna félagasamtaka námu 108,8 milljónum kr. árið 2011 og tæpum 175 milljónum árið 2012. Megnið af framlögum rann til mannúðar- og neyðarverkefna í Afríku sunnan Sahara en einnig til þróunarverkefna. Þá voru nokkrir styrkir veittir til verkefna í

Palestínu, Bosníu-Herzegóvínu og á Haítí þar sem langvarandi neyðarástand ríkir og sér ekki fyrir endann á því.

Í mars 2012 fór fram námskeið um álitamál í þróunarsamvinnu og hjálparstarfi, þar sem m.a. var fjallað um neyðaraðstoð, mannúðarstarf og friðaruppbyggingu. Námskeiðið var haldið í samvinnu Endurmenntunar Háskóla Íslands, Rauða kross Íslands, utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Námskeiðið sóttu 25 manns og voru þátttakendur afar ánægðir að því loknu. Kynnt voru grundvallaratriði og hugtök í þróunarsamvinnu, starfsemi ýmissa fjölþjóðastofnana, störf á vettvangi og sagt frá þátttöku Íslands í verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og friðaruppbyggingar.

Um langt skeið hafa utanríkisráðuneytið og Slysavarnafélagið Landsbjörg átt gott samstarf, einkanlega um starfsemi Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar, en liðsmenn hennar eru á viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar. Fyrsti samningur um samstarfið var gerður árið 2006 en sá samningur var uppfærður og endurnýjaður árið 2009. Unnið er að gerð nýs samnings, en meginmarkmið hans er að skerpa og skýra með hvað hætti ráðuneytið og Landsbjörg geti átt samstarf, einkum vegna björgunaraðgerða eða þjálfunar erlendis og hlutverk hvors aðila um sig þar að lútandi. Sérstaklega er tekið á kostnaðarþátttöku utanríkisráðuneytisins vegna verkefna alþjóðabjörgunarsveitarinnar á erlendri grund.

6. FJÖLÞJÓÐLEG PRÓUNARSAMVINNA

Stuðningur og samstarf við fjölþjóðlegar stofnanir er veigamikill hluti af þróunarstarfi Íslands. Í samræmi við skýrari forgangsröðun í þróunarsamvinnu Íslands leggja íslensk stjórnvöld sérstaka áherslu á stuðning við fjórar stofnanir, þ.e. UN Women, UNICEF, HSP/UNU og Alþjóðabankann (*e. World Bank*). Stuðningur við aðrar stofnanir sem gegna lykilhlutverki í alþjóðlegri þróunarsamvinnu, eins og Þróunaráætlun SP (UNDP) og UNFPA, er þó enn til staðar, þó í minna mæli sé.

6.1. UN WOMEN

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Störf íslenskra sérfræðinga á vettvangi	Á áætlun	
Virk þátttaka í málefnavinnu um jafnréttismál á vettvangi SP	Á áætlun	
Störf ungra íslenskra sérfræðinga fyrir UN Women	Á áætlun	
Stuðningur við styrktarsjóð á vegum UN Women til afnáms ofbeldis gegn konum	Á áætlun	
Samstarf við landsnefnd UNIFEM/UN Women á Íslandi	Á áætlun	
Þátttaka í samstarfi Norðurlanda um UN Women	Á áætlun	

UN Women var stofnuð í janúar 2011 þegar fjórar stofnanir SP sem störfuðu að kynjajafnréttismálum sameinuðust í eina (þar á meðal UNIFEM). Stofnunin er í fararbroddi í baráttunni fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna á heimsvísu. Hlutverk UN Women er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar hefur stofnunin það hlutverk að auka framgang jafnréttismála innan SP og í starfi þeirra á vettvangi. Hins vegar starfar UN Women á vettvangi um allan heim að auknu kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, en einna mikilvægast er starf stofnunarinnar í þróunarlöndum þar sem staða kvenna er oft bágborin og réttindi þeirra víða brotin. Fastanefnd Íslands í New York tekur þátt í framkvæmdastjórn stofnunarinnar sem áheyrnarfulltrúi, en Ísland á sæti í stjórn UN Women árið 2014. Eins og

áður og á öðrum vettvangi hefur Norrænt samstarf um UN Women reynst mikilvægt og flytja Norðurlöndin reglulega sameiginleg ávörp. Þá tekur Ísland þátt í starfi „vina UN Women“ (e. *friends of UN Women*) sem er óformlegur vinnuhópur ríkja með svipaða afstöðu innan SP í New York.

Á árunum 2011 og 2012 voru almenn óeyrnamerkt framlög til UN Women mun hærri en árin á undan, en almenn framlög eru afar mikilvægur þáttur í að veita stofnunum svigrúm til að veita fé til þeirra svæða er mest þurfa á aðstoð að halda og þegar bregðast þarf skjótt við. Ekki síst eru almenn framlög mikilvæg þegar ný stofnun eins og UN Women er að koma undir sig fótunum og auka umsvif sín á vettvangi.

Líkt og undanfarin ár voru framlög einnig veitt til styrktarsjóðs um afnám ofbeldis gegn konum (*UN Trust Fund to End Violence Against Women*), og heimsótti framkvæmdastýra sjóðsins utanríkisráðuneytið um miðjan nóvember 2012. Talið er að í dag verði allt að 7 af hverjum 10 konum fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi á lífsleiðinni og 603 milljónir kvenna búa í löndum þar sem heimilisofbeldi telst ekki til glæpa. Sjóðurinn er sá eini sinnar tegundar sem vinnur eingöngu að því að vekja athygli á ofbeldi gegn konum og veitir styrki til margvíslegra verkefna víða um heim sem ætlað er að rjúfa þögnina sem ríkir um slíkt ofbeldi, koma í veg fyrir ofbeldisverk og draga hina seku til ábyrgðar. Frá upphafi (1997) hefur sjóðurinn úthlutað styrkjum til yfir 350 verkefna í 128 löndum. Í nóvember 2012 var í sextánda sinn úthlutað úr sjóðnum og hlutu 12 verkefni í 18 löndum styrk. Þar af er um að ræða 10 lönd sem flokkast sem átakasvæði eða fyrrum átakasvæði.

Framlög voru einnig veitt til starfsemi UN Women í Afganistan og Palestínu. Framlag Íslands til UN Women í Afganistan hefur farið til verkefnis sem hefur augin efnahagsleg réttindi og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði. Á árunum 2011 og 2012 var lögð áhersla á það kerfisbundna misrétti sem viðgengst hvað varðar eignarrétt og eignasöfnun afganskra kvenna og sjónum beint að vettvangi stefnumótunar. Kvennamálaráðuneytið (MoWA) hlaut stuðning og starfsfólk þess þjálfun og fræðslu. Afgönskum kvennasamtökum og öðrum málsvörum jafnréttismála var jafnframt veittur stuðningur við að byggja upp getu sína og færni auk þess sem lögð var áhersla á myndun og styrkingu tengslanets þar að lútandi. Framlag Íslands rann einnig til verkefnis sem hefur að markmiði að auka skilning á íslamstrú og sharía-lögum m.t.t. kvenna og auka þar með réttindi þeirra og valdeflingu í samræmi við afgönsk lög. Í Palestínu var framlag ársins 2011 nýtt til að stuðla að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, bæði innan palestínskrar stjórnsýslu, sem og verkefna á vegum stofnana og sjóða SP sem veita aðstoð á svæðinu. Meginmarkmið verkefnisins er að auka kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna í Palestínu, að öll mannúðar- og þróunaraðstoð til Palestínu á vegum SP stuðli á kerfisbundinn hátt að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, að aðgerðir stofnana og sjóða SP sem ætlað er að stuðla að kynjajafnrétti séu samhæfðar og að starfsemi UN Women í Palestínu sé öflug. Sem leiðandi á sviði jafnréttismála innan kerfis SP vann UN Women að samræmingu aðgerða á sviði jafnréttismála auk þess sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (FAO) og UNRWA var veittur stuðningur við að samþætta kynjasjónarmið í verkefni sín á svæðinu. Starfsmenn stofnananna fengu víðtæka þjálfun á því sviði. Árið 2012 rann framlag Íslands til kvennaathvarfs sem UN Women styður og veitir fórnarlömbum ofbeldis vernd og aðstoð. Í athvarfinu fá konur og börn þeirra húsnæði, lækniástoð, félagslega ráðgjöf og

sálgæslu, lagalega aðstoð auk aðstoðar við að taka þátt í samfélaginu að nýju. Að sama skapi er unnið að því að draga úr ofbeldi gegn konum og börnum þeirra á hernumdu svæðunum m.a. með innleiðingu alþjóðlegra staðla og verklags sem byggja á virðingu fyrir mannréttindum og afnámi hvers kyns ofbeldis.

Þá hefur utanríkisráðuneytið stutt við starfsemi UN Women (áður UNIFEM) á Balkanskaga um árabíl. Stuðningurinn hefur fyrst og fremst snúið að framkvæmd aðgerðaáætlunar um ályktun Öryggisráðs SP nr. 1325 í Serbíu og Bosníu-Herzegóvínu og hefur bæði falist í framlögum og útsendum sérfræðingum á vegum Íslensku friðargæslunnar, en sl. 13 ár hafa íslenskir sérfræðingar starfað á skrifstofum UN Women á Balkanskaga.

Utanríkisráðuneytið hefur um árabíl átt gott samstarf við landsnefnd UN Women á Íslandi og í nóvember 2012 var samstarfið endurnýjað til ársins 2015, þegar utanríkisráðherra og framkvæmdastýra landsnefndarinnar skrifuðu undir samstarfssamning til þriggja ára. Markmið samningsins er að efla kynningu á hlutverki og starfsemi UN Women og auka samvinnu utanríkisráðuneytisins við landsnefndina. Landsnefndin hefur veitt ráðuneytinu ráðgjöf og umsögn vegna málefna á fjölþjóðlegum vettvangi hvað varðar kynjajafnréttismál. Enn fremur hefur landsnefndin veitt öllu útsendu starfsfólki á vegum Íslensku friðargæslunnar fræðslu um jafnréttismál og framkvæmd ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi áður en það hverfur til starfa á vettvangi.

6.2. UNICEF

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Störf íslenskra sérfræðinga á vettvangi	Á áætlun	
Samstarfssamningur um skammtíamastörf sérfræðinga vegna neyðarverkefna	Á áætlun	
Virk þátttaka í málefnavinnu Norðurlanda um UNICEF	Á áætlun	
Störf ungra íslenskra sérfræðinga fyrir UNICEF á vettvangi	Á áætlun	
Samstarf við UNICEF á Íslandi	Á áætlun	

Hlutverk UNICEF er að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna í þróunarlöndum á grundvelli Barnasáttmála SP. Stofnunin sinnir jafnframt mikilvægu hlutverki við neyðar- og mannúðaraðstoð þegar skyndileg neyð skapast eða átök brjótast út. Fastanefnd Íslands í New York tekur þátt í framkvæmdastjórn UNICEF sem áheyrnarfulltrúi. Eins og á vettvangi UN Women er Norrænt samstarf um UNICEF mikilvægt og flytja Norðurlöndin reglulega sameiginleg ávörp. Stuðningur Íslands við UNICEF felst í almennum og eyrnamerknum framlögum ásamt því að íslenskir sérfræðingar starfa jafnan hjá UNICEF á vettvangi á vegum Íslensku friðargæslunnar.

Ísland hefur hægt og bítandi verið að hækka almenn framlög til UNICEF og hækkuðu framlögin milli áranna 2010 og 2011 til dæmis um tæp 75% milli ára. Með þeim hætti sýndi Ísland eindreginn stuðning við starfsemi UNICEF sem áherslustofnun í þróunarsamvinnu.

Ísland hefur einnig veitt starfsemi UNICEF í Palestínu stuðning en eins og gefur að skilja líða börn mjög fyrir ástandið á þessu stríðshrjáða svæði. Framlögum Íslands hefur verið varið til verkefnis er vinnur að bættri lífsafkomu og þroska barna (e. *Child Survival and Development*) og felst m.a. í bólusetningum, fræðslu um næringu og hreinlæti, menntun og sálgæslu. Þar að auki hefur íslenskur hjúkrunarfræðingur verið að störfum á Gaza við mæðra- og

ungbarnavernd. Þökk sé UNICEF hafa þúsundir nemenda í 78 skólum nú aðgang að almennilegri vatns- og hreinlætisaðstöðu og hefur vitneskja um mikilvægi hreinlætis eflst svo um munar.

Þá veittu íslensk stjórnvöld í fyrsta sinn árið 2011 framlög til samstarfsverkefnis UNICEF og UNFPA sem hefur að markmiði að hraða afnámi limlestingar á kynfærum kvenna og stúlkna. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) áætla að milli 100 og 140 milljónir kvenna hafi þurft að þola þessa meðferð og telur UNICEF að allt að þrjár milljónir stúlkna séu í hættu á að hljóta sömu örlög. Slík meðferð er skýrt brot á mannréttindum og ógnar heilsu stúlkna, kvenna og barna þeirra víða. Verkefnið nær til 16 landa í vestan-, austan- og norðaustanverðri Afríku, til samfélaga þar sem slík hefð hefur ríkt um árabil. Frá upphafi eða árinu 2007 hefur verkefnið skilað töluverðum árangri, því í þeim samfélögum sem það nær til hefur töluvert dregið úr limlestingum.

Utarríkisráðuneytið og landsnefnd UNICEF á Íslandi gerðu með sér samstarfssamning til þriggja ára í nóvember 2011. Markmið sammingsins er að skapa grundvöll fyrir samráð og samvinnu ráðuneytisins og landsnefndarinnar, stuðla að umfjöllun um alþjóðamál með hugsjónir og markmið UNICEF að leiðarljósi, fjalla um þátttöku Íslands hvað varðar málefni barna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og að efla þátt Íslands í málefna starfi UNICEF. Meðal verkefna landsnefndarinnar er að veita ráðuneytinu ráðgjöf og umsögn vegna málefna á fjölþjóðlegum vettvangi og veita útsendu starfsfólki á vegum Íslensku friðargæslunnar fræðslu um málefni barna.

6.3. HÁSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Á ÍSLANDI

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Starfsemi jarðhitaskóla HSP á Íslandi og námskeið á hans vegum í þróunarlöndum	Á áætlun	
Starfsemi sjávarútvegsskóla HSP á Íslandi og námskeið á hans vegum í þróunarlöndum	Á áætlun	
Starfsemi landgræðsluskóla HSP á Íslandi og námskeið á hans vegum í þróunarlöndum	Á áætlun	
Tilraunaverkefni um jafnréttisskóla	Á áætlun	
Undirbúningur að framtíðarfyrirkomulagi starfsemi HSP á Íslandi á tímabilinu	Á áætlun	

Háskóli Sameinuðu þjóðanna var settur á stofn árið 1972 til að styrkja alþjóðlegt samstarf milli SP, háskóla og annarra sem stunda vísindarannsóknir, með sérstaka áherslu á þróunarríki. Sextán skólar mynda net HSP, þar af eru þrír hér á landi: Jarðhitaskólinn, Sjávarútvegsskólinn og Landgræðsluskólinn. Starfsemi skólanna er mikilvægur þáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og er rekstur þeirra fjármagnaður af framlögum til opinberrar þróunarsamvinnu. Kjarni starfsins er sex mánaða námsdvöl sérfræðinga á Íslandi og hafa samtals um 800 nemendur útskrifast frá skólunum þremur frá upphafi, en auk þess stunda nokkrir nemendur meistara- og doktorsnám við skólana ár hvert. Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn standa jafnframt fyrir styttri námskeiðum í þróunarlöndum sem fleiri sérfræðingum gefst kostur á að sækja.

Jarðhitaskólinn, sem hóf starfsemi árið 1979, veitir sérfræðingum frá þróunarlöndum sérhæfða þjálfun í rannsóknum og nýtingu jarðhita. Orkustofnun hýsir skólann og ber á honum rekstrarlega ábyrgð. Árið 2011 luku 30 sérfræðingar frá 16 þróunarlöndum sex mánaða námi við skólann (8 konur og 22 karlar) og árið 2012 voru nemendurnir 33 frá 17

löndum (8 konur og 25 karlar). Samtals eru því útskrifaðir nemendur 515 frá 53 löndum frá upphafi. Jarðhitaskólinn heldur jafnframt námskeið í þróunarlöndum og voru haldin námskeið í El Salvador árin 2011 og 2012 og í Kenýa árið 2011. Í nóvember 2011 skrifuðu utanríkisráðherra, orkumálastjóri og dr. Konrad Osterwalder, rektor Háskóla Sameinuðu þjóðanna, undir framlengingu á samningi um Jarðhitaskóla HSP til ársins 2014.

Sjávarútvegsskólinn var stofnaður árið 1998, en markmið hans er að efla sérfræðipækkingu á sviði sjávarútvegs og fiskveiða. Hafrannsóknastofnun ber ábyrgð á rekstri skólans en starfsemi hans byggist m.a. á samstarfi við Matís, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, auk fjölda fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Árið 2011 útskrifuðust 17 nemendur frá 14 löndum úr sex mánaða þjálfun við skólann (4 konur og 13 karlar) og árið 2012 voru útskriftarnemendurnir 18 frá 12 löndum (8 konur og 10 karlar). Frá upphafi hefur 241 sérfræðingur frá 44 löndum lokið námi við skólann. Þá stendur skólinn einnig fyrir styttri námskeiðum í þróunarlöndum og voru árið 2011 slík námskeið haldin í Úganda, Namibíu, Mósambík, Malasíu og St Vincent og Grenadíneyjum og árið 2012 í St. Lúsíu og Tansaníu þar sem þrjú námskeið voru haldin.

Landgræðsluskólinn varð formlega hluti af neti HSP í febrúar 2010 en skólinn hóf störf sem tilraunaverkefni árið 2007. Landgræðsluskólinn er samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarháskóla Ísland sem hýsir skólann. Markmið starfseminnar er að veita sérfræðingum frá þróunarlöndum, sem glíma við jarðvegseyðingu, eyðimerkurmyndun og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga, þjálfun á sviði landgræðslu og sjálfbærri nýtingu lands. Frá upphafi starfseminnar (2007) hefur samtals 41 nemandi frá 10 löndum útskrifast úr skólanum; 20 konur og 21 karl. Árið 2011 útskrifuðust átta nemandi frá 5 löndum eftir hálfis árs þjálfun við skólann og árið 2012 voru nemendurnir 10 frá fimm löndum.

Tilraunaverkefni um Alþjóðlegan jafnréttisskóla (GEST – Gender Equality Studies and Training Programme) var sett á laggirnar árið 2009 í samstarfi við Háskóla Íslands. Skólinn veitir sérfræðingum frá þróunarlöndunum þjálfun á sviði jafnréttismála og gerir þeim betur kleift að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í heimalöndum sínum. Alls hefur 21 nemandi frá fjórum löndum lokið sex mánaða þjálfun við skólann fyrstu fjögur starfsár hans (2009–2012), 14 konur og 7 karlar. Í júní 2012 var gerð óháð úttekt á starfsemi Alþjóðlega jafnréttisskólans og leiddi úttektin í ljós að skólinn uppfyllir öll nauðsynleg skilyrði um að verða aðili að neti skóla HSP. Þá var það mat úttektaraðilans að skólinn muni verða góð viðbót við net HSP, en áherslu á jafnréttismál innan HSP hefur verið ábótavant. Niðurstöður úttektarinnar voru kynntar fyrir framkvæmdanefnd háskólaráðs HSP/UNU á fundi hennar 28.–29. júní 2012 og var nefndin jákvæð gagnvart því að Alþjóðlegi jafnréttisskólinn verði hluti af neti skóla HSP á Íslandi. Stefnt er að því að Alþjóðlegi jafnréttisskólinn verði hluti af neti HSP á Íslandi árið 2013.

Samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun skal vinna að undirbúningi framtíðarfyrirkomulags starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi á gildistíma áætlunarinnar. Í þeim tilgangi var stofnaður sameiginlegur vinnuhópur sem í sitja fulltrúar frá HSP, utanríkisráðuneytinu og skólum HSP á Íslandi og hittist hópurinn með reglulegu millibili á árunum 2011 og 2012. Í

störfum sínum hefur vinnuhópurinn jafnframt náð samráð við forstöðumenn allra skóla HSP/UNU á Íslandi og Alþjóðlega jafnréttisskólans.

6.4. ALÞJÓÐABANKINN

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
16. samningalota um endurfjármögnun IDA, 2011	Lokið	
Átaksverkefni í jafnréttismálum (GAP) – Mat lagt á hugsanlegt framhald samstarfs - Lokið: Okt. 2011	Lokið	
Verkefni á sviði fiskimála (PROFISH) – Mat lagt á hugsanlegt framhald samstarfis – Lokið: Júní 2011	Lokið	
Verkefni í orkumálum (ESMAP) – Mat lagt á hugsanlegt framhald samstarfs – Lokið: Okt. 2012	Lokið	
Virk þátttaka í málefnavinnu kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í stjórn bankans	Á áætlun	
Samstarfsverkefni kjördæmisins á sviði mannréttindamála	Á áætlun	

Hlutverk Alþjóðabankans er að stuðla að efnahagslegri og félagslegri uppbyggingu þróunarlanda, en bankinn er einn stærsti fjármögnunaraðili fátækustu þróunarlandanna. Samkvæmt helstu úttektum sem gerðar hafa verið á alþjóðastofnunum á síðustu árum telst Alþjóðabankinn meðal árangursríkustu stofnana á sviði þróunarsamvinnu. Bankinn starfar með stjórnvöldum hlutaðeigandi ríkja og veitir þeim aðstoð í formi lána, styrkja og ráðgjafar.

Ísland er hluti af kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í stjórn Alþjóðabankans og starfar að áhersluatriðum Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, bæði í gegnum kjördæmið og með tvíhliða samvinnu við bankann. Á undanförunum árum hefur Alþjóðabankinn lagt aukna áherslu á ýmis mál sem teljast meðal helstu áherslna Íslands, þ.á m. orku-, fiski- og jafnréttismál. Þess má geta að ein helsta skýrsla bankans um álitamál á sviði þróunarmála (e. *World Development Report*) árið 2012 fjallaði um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna sem forsendu framþróunar og aukinnar hagsældar. En kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja var ötull talsmaður þess að jafnrétti yrði umfjöllunarefni skýrslunnar. Þá hefur Alþjóðabankinn einnig beint sjónum sínum í auknum mæli að áhrifum loftslagsbreytinga sem og sjálfbærni og grænum hagvexti. Bankinn tók virkan þátt í Ríó+20-ferlinu um sjálfbæra þróun og ýtti m.a. úr vör alþjóðlegu átaki í málefnum hafsins á Ríó+20-ráðstefnunni, ásamt því að vera lykilsamstarfsaðili í átaki SP um sjálfbæra orku fyrir alla.

Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) er sá hluti Alþjóðabankans sem veitir styrki og lán á mjög hagkvæmum kjörum til 81 af fátækustu ríkjum heims, en IDA er einn stærsti fjármögnunaraðili fátækustu ríkja heims. Ísland hefur verið aðili að IDA frá upphafi og er áskrifandi að 0,03% hlutfjár í stofnuninni. IDA er endurfjármagnað á þriggja ára fresti og var árangur yfirskrift síðustu endurfjármögnunar sem nær yfir tímabilið 2011–2013. Lögð var sérstök áhersla á jafnrétti kynjanna, loftslagsbreytingar og ríki sem eiga í átökum eða eru að jafna sig eftir átök. Í tölum bankans fyrir árið 2012 kemur fram að 83% lána og styrkja bankans, eða því sem nemur 29 milljörðum Bandaríkjadala, tóku mið af jafnréttissjónarmiðum, sem er mikil framför frá fyrri árum.

Árið 2012 veittu íslensk stjórnvöld framlög í jafnréttissjóð innan bankans (Gender Umbrella Trust Fund) en honum er ætlað að festa samþættingu kynjasjónarmiða í sessi á öllum sviðum og í öllum störfum bankans. Sjóðurinn tók við af átaksverkefni Alþjóðabankans á sviði jafnréttismála (e. *Gender Action Plan*) sem Ísland veitti framlög til árin 2008–2010.

Ísland hefur um langt skeið reynt að beina sjónum Alþjóðabankans að mikilvægi sjávarútvegs fyrir þróunarríki og lagt hart að bankanum að taka þátt í verkefnum á þessu sviði. Þannig var PROFISH, verkefni sem varðar stuðning við fiskimál í þróunarlöndum, m.a. stofnað fyrir atbeina Íslands árið 2005 og hafa íslensk stjórnvöld veitt árleg framlög í sjóðinn. Telja verður að PROFISH-verkefnið hafi borið árangur en ásamt útgáfu mikilvægs rits í sjávarútvegi (e. *The Sunken Billions*), lagði bankinn út í margþætt fiskveiðiverkefni fyrir Vestur-Afríkuríkin árið 2009 (*West African Regional Fisheries Project*) sem m.a. felur í sér lán og styrki frá bankanum að upphæð tæplega 60 milljón Bandaríkjadala. Einnig var PROFISH-verkefnið meðal sprotanna að því að mynda alþjóðlegt átak um málefni hafsins „Global Partnership for Oceans“ á Ríó+20-ráðstefnunni sl. júní. Með átakanu verður stofnað til víðtækrar samvinnu milli ríkja, einkaaðila og félagasamtaka um málefni hafsins og sjálfbærrar nýtingar auðlinda þess, en samvinnan hefur jafnframt að markmiði að byggja upp getu þróunarríkja til að nýta hafið með sjálfbærum hætti. Ísland hefur lýst yfir formlegum stuðningi við átakið.

Þá hefur verið ákveðið að stofna sérstakan verkefnasjóð innan Alþjóðabankans til þess að kosta stöður tveggja íslenskra sérfræðinga innan stofnunarinnar. Annars vegar er um að ræða stöðu sérfræðings í fiskimálum, en sérfræðingurinn sem verður staðsettur í Gana mun starfa við margþætt verkefni bankans um fiskimál í Vestur-Afríku og vinna með ríkisstjórnnum Gana, Líberíu og Síerra Leóne að samræmingarstörfum vegna verkefnisins. Hins vegar er um að ræða stöðu sérfræðings við þá deild bankans sem vinnur að framgangi hreinnar orku í þróunarlöndum og fjallað er um hér að neðan. Sá sérfræðingur myndi starfa í höfuðstöðvum Alþjóðabankans í Washington DC og veita aðstoð við mál er varða nýtingu jarðhita.

Samstarf á sviði jarðhitamála

Stærsta þróunarsamvinnuverkefni sem Ísland hefur tekið þátt í frá upphafi er á sviði jarðhita. Verkefnið byggist á samkomulagi utanríkisráðuneytisins og Alþjóðabankans sem gert var í lok árs 2011 og kveður á um fjölmarga mikilvæga þætti er varða framtíðarnýtingu jarðhita í þágu íbúa í austur-afríska sigdalnum. Samkomulagið er mikilvægt fyrir Íslendinga, en með því er Ísland orðið helsti ráðgjafi Alþjóðabankans á sviði jarðhitanýtingar.

Í sigdalnum liggja þrettán ríki: Eritrea, Djíbútí, Eþíópía, Sómalía, Suður-Súdan, Kenýa, Úganda, Rúanda, Búrúndí, Tansanía, Sambía, Malaví og Mósambík. Á svæðinu ríkir mikil orkufátækt, en talið er að mögulegt sé að virkja allt að 14.000 MW af rafmagni úr jarðhita í sigdalnum og veita allt að 150 milljónum íbúum aðgang að hreinni, endurnýjanlegri og stöðugri raforku. Í ríkjum Afríku sunnan Sahara-eyðimerkurinnar hafa 585 milljónir íbúa ekki aðgang að rafmagni og mæta orkuþörf sinni með öðrum aðferðum, svo sem brennslu viðar og taðs. Slíkar aðferðir geta valdið mengun og öndunarferasjúkdómum, en þar sem konur sinna mest eldamennsku og eru meira heimavið ásamt börnum sínum en karlar, eru þær og börn í sérstökum áhættuflokki hvað þetta varðar. Því er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir íbúa þessa fátækasta hluta Afríku. Aukinn aðgangur að orku er talinn mikilvægur liður í framþróun og hagsæld samfélaga og kallar hlýnun jarðar á að slík aukning gerist með nýtingu hreinna og endurnýjanlegra orkulinda þar sem þess er kostur.

Samstarf Íslands og Alþjóðabankans er í megindráttum í þremur liðum. Í fyrsta lagi kveður það á um að Ísland standi fyrir og standi straum að gerð frumrannsókna og hagkvæmniathugana í þeim ríkjum sigdalsins sem þess óska, en Þróunarsamvinnustofnun Íslands er framkvæmdaraðili þess hluta samningsins. Vinna við verkefnið hefur staðið yfir allt árið 2012 og er verkefnisskjal þar að lútandi nú tilbúið (sjá nánar kafla 8.4.).

Í byrjun nóvember sl. kynnti utanríkisráðherra þetta stærsta orkusamstarfsverkefni sem Íslendingar hafa tekið þátt í. Þá undirritaði ráðherra, ásamt framkvæmdastjóra ÞSSÍ, samning við Norræna þróunarsjóðinn (NDF) um samfjármögnun þessa fyrsta hluta verkefnisins. Þar skuldbindur sjóðurinn sig til þess að styrkja verkefnið til jafns við hlut Íslands eða um 5 milljónir evra. Samtals gera þetta 10 milljónir evra, eða sem svarar rúmum 1.600 milljónum króna til næstu fimm ára.

Í öðru lagi kveður samkomulagið á um, að undir forystu bankans verði stofnaður sjóður sem standa á straum af tilraunaborunum á svæðum sem frumrannsóknir Íslendinga benda til að geti veitt nýtanlega orku. Stefnt er að því að í sjóðnum verði allt að 500 milljónir Bandaríkjadala eða liðlega 63 milljarðar króna. Þetta verður stærsta fjölþjóðlega jarðhitaverkefnið sem farið hefur verið í, en tillaga er um að öll helstu iðnríki heims taki þátt í verkefninu og leggi til fjármagn.

Í þriðja lagi felst samstarfið í að auka færni og menntun þeirra sem vinna að jarðhitamálum innan Alþjóðabankans auk einstaklinga í þróunarríkjum. Í því samhengi hefur bankinn gefið út handbók um nýtingu jarðhita, en íslenskur jarðhitasérfræðingur sem starfar innan bankans er annar tveggja höfundar bókunnar. Enn fremur er fyrirhugað að efla samráð milli sérfræðinga um jarðhitamál með stofnun sérstaks samráðsvettvangs sem yrði m.a. tengdur Jarðhitaskóla HSP/UNU, ÍSOR og fleiri stofnunum.

Utanríkisráðherra og embættismenn hafa nú þegar átt fjölmörg samtöl við ráðamenn samstarfsríkja Íslands um aðild að ofangreindu samstarfi, m.a. Kína, Japan, Bretland og Noreg. Gert er ráð fyrir að leitað verði eftir sérstökum stuðningi sjóða og þróunarbanka, s.s. þýska þróunarbankans, þróunarsjóðs OPEC-ríkja, og loftslagssjóða auk fjölda annarra.

Ofangreint samstarf kemur til viðbótar stuðnings íslenskra stjórnvalda við sérstaka deild innan bankans (ESMAP) sem sinnir orkuráðgjöf við þróunarríki. Bæði hafa verið veitt framlög til deildarinnar auk þess sem kostaður hefur verið jarðhitasérfræðingur til deildarinnar, eins og getið er um hér að ofan. Á árunum 2011 og 2012 voru veitt framlög í hvort tveggja. Í kjölfar aukinnar áherslu á endurnýjanlega orkugjafa á alþjóðagrundvelli og eflt samstarf Íslands og Alþjóðabankans á sviði jarðhitanytingar er fyrirhugað að styrkja samstarfið enn frekar með því að kosta annan jarðhitasérfræðing til deildarinnar.

7. FRÍÐARUPPBYGGING Í AFGANISTAN OG PALESTÍNU

Afganistan og Palestína eru tvö af fimm áherslusvæðum samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun. Íslensk stjórnvöld eru ekki með fasta viðveru í þessum löndum, líkt og í tvíhliða samstarfslöndum Íslands í Afríku, og fer stuðningurinn því fram í gegnum fjölþjóðlegar stofnanir og félagasamtök. Afganistan og Palestína eru bæði skilgreind sem óstöðug ríki og

litast starfið af erfiðu ástandi á sviði öryggismála og pólitískum átökum. Áhersla er lögð á stuðning við endurreisn og stjórnarfar.

7.1. AFGANISTAN

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Gerð aðgerðaáætlunar 2012-2014. Lokið: Nóvember 2011.	Í vinnslu	Lokið: apríl 2013
Norrænt samstarf sem byggir m.a. á samnorrænni úttekt frá 2009.	Á áætlun	
Stuðla að betri samhæfingu aðstoðar alþjóðasamfélagsins.	Á áætlun	
Vinna að málefnum kvenna.	Á áætlun	
Neyðar- og mannúðaraðstoð á vegum alþjóðastofnana og félagasamtaka.	Á áætlun	

Í Afganistan starfar Alþjóðalið (International Security Assistance Force – ISAF) á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1386 frá 2001 en umboðið hefur síðan verið endurnýjað reglulega. Umboðið nær til þess að aðstoða afgönsk stjórnvöld við að koma á öryggi í landinu og hafa íslensk stjórnvöld ásamt öðrum NATO-ríkjum og fleirum tekið þátt í starfi þess. Áherslan hefur verið á vinnu sem miðar að því að koma á friði og stöðugleika, auk þess sem miklu fé og mannafla hefur verið varið til uppbyggingarstarfa og endurreisnar eftir áratuga átök og hörmungar í samfélaginu. Fjöldi fjölþjóðlegra ráðstefna, t.d. leiðtogafundar NATO í maí s.l. og ráðstefna í Tókýó í júlí sl. hafa verið haldnar þar sem alþjóðasamfélagið hefur staðfest áframhaldandi stuðning við Afgana á sviði lýðræðisþróunar, efnahagsuppbyggingar og velferðarmála. Mikilvægi mannréttinda hefur verið áréttað og þá sérstaklega réttindi kvenna. Í tengslum við Tókýó ráðstefnuna skrifaði utanríkisráðherra opið bréf, ásamt utanríkisráðherrum hinna Norðurlandanna, þar sem þetta er áréttað.

Íslenska friðargæslan hefur undanfarin misseri mannað fimm stöður borgaralegra sérfræðinga hjá Alþjóðaliðinu í Kabúl. Annarsvegar er um að ræða stöður í bækistöð liðsins við Kabúlflugvöll þar sem nú starfa varadeildarstjóri verklegra framkvæmda í bækistöðinni og forstöðumaður starfsmannahalds. Hinsvegar er um að ræða stöður í höfuðstöðvum Alþjóðaliðsins í Kabúl-borg, en þar hafa til skamms tíma verið mannaðar þrjár stöður; deildarstjóri stjórnarfaradeildar, varadeildarstjóri þróunardeildar og sérfræðingur í jafnréttismálum í þróunardeild. Sérstök áhersla hefur verið lögð á jafnréttismál og auk starfsmannsinis í Kabúl hafa íslensk stjórnvöld lagt til sérfræðing í jafnréttismálum sem hefur starfað með aðgerðahópi á vegum Atlantshafsbandalagsins um jafnréttismál og þá m.a. í Afganistan sérstaklega. Íslensk stjórnvöld hafa einnig lagt umtalsvert fé til þróunar og uppbyggingar, m.a. með framlagi til Uppbyggingarsjóðs ISAF og UN Women. Vinna við gerð aðgerðaáætlunar íslenskra stjórnvalda fyrir Afganistan 2013-2016 er á lokastigum, en gert er ráð fyrir að hún verði tilbúin vorið 2013.

7.2. PALESTÍNA

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Framfylgja núverandi aðgerðaáætlun fyrir 2008-2010.	Lokið	
Gerð aðgerðaáætlunar 2012-2014. Lokið: Nóvember 2011.	Lokið	
Neyðar- og mannúðaraðstoð á vegum alþjóðastofnana og félagasamtaka.	Á áætlun	
Aðstoð við flóttamenn.	Á áætlun	
Aðstoð við konur og börn.	Á áætlun	

Í byrjun árs 2013 var lokið við gerð aðgerðaáætlunar um hvernig stuðningi Íslands við Palestínu 2013-2016 skuli háttáð í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun. Þar kemur fram að

verkefni skuli falla að forgangsröðun Palestínnumanna um uppbyggingu ásamt því að samrýmast markmiðum og áhersluatriðum þróunarsamvinnuáætlunar. Í áætluninni koma fram megináherslur í stuðningi Íslands sem verður sem fyrr í gegnum alþjóðastofnanir ýmist með beinum fjárframlögum eða með sérfræðiaðstoð.

Varðandi stuðning við málefni Palestínu á tímabilinu bar hæst á pólitíska sviðinu að Alþingi viðurkenndi fullveldi og sjálfstæði Palestínuríkis hinn 29. nóvember 2011. Snemma árs 2012 afhenti sendiherra Íslands gagnvart Palestínu með aðsetur á Íslandi trúnaðarbréf sitt og hinn 29. nóvember 2012 var Ísland meðflutningsaðili tillögu um að Palestína fengi áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum.

UNRWA veitir veigamikla aðstoð á sviði menntamála, heilbrigðismála og félagslegrar aðstoðar. Ísland veitti almenn framlög til stofnunarinnar og eyrnamerkti aðstoð við palestínska flóttamenn frá Sírlandi. Auk þess hafa þrír sérfræðingar starfað á síðustu misserum á svæðisskrifstofum UNRWA í Líbanon, Amman og Jerúsalem á vegum Íslensku friðargæslunnar. Þá veita íslensk stjórnvöld jafnframt framlög til UNICEF og UN Women í Palestínu, eins og fram kom í köflum 6.1. og 6.2., en í þróunarsamvinnuáætlun er lögð áhersla á stuðning við konur og börn í landinu. OCHA vinnur mikilvægt starf við upplýsingaöflun og samræmingu aðstoðar á svæðum Palestínnumanna. Samráð utanríkisráðuneytisins við stofnunina hefur verið náið og að beiðni svæðisskrifstofunnar í Jerúsalem var sendur sérfræðingur til ráðgjafar Palestínumönnum um uppbyggingu viðlagastjórnunarkerfis haustið 2011, en verkefnið eflir innviði palestínskra stofnana og styrkir samstarf við svæðisskrifstofur Sameinuðu þjóðanna (sjá nánar kafla 5.1.).

Leitast hefur verið við að styðja verkefni frjálsra félagasamtaka, íslenskra og palestínskra. Rauði kross Íslands fékk t.d. styrk til tveggja verkefna á tímabilinu. Annað varðaði sálrænan stuðning við börn á Gaza og á Vesturbakkanum og hitt er unnið í samstarfi við Rauða hálfmánann og snýst um þjálfun sjúkraflutningamanna. Palestínsk samtök hafa einnig hlotið framlög íslenskra stjórnvalda. Annarsvegar Women's Centre for Legal Aid and Counselling (WCLAC), sem veita palestínskum konum lagalega ráðgjöf og stuðning og hinsvegar Palestinian Medical Relief Society (PMRS) sem eru grasrótarsamtök sem sinna heilbrigðisþjónustu í Palestínu.

Þá má geta þess að Alþjóðlegi jafnréttisskólinn hefur frá árinu 2010 þjálfað átta palestínska nemendur á sviði jafnréttismála. Í desember 2012 útskrifuðust þrír nemendur frá Palestínu úr námi frá Alþjóðlega jafnréttisskólanum; tveir karlar og ein kona.

8. TVÍHLIÐA ÞRÓUNARSAMVINNA Á VEGUM ÞSSÍ

Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014 markar stefnuna fyrir núverandi starfsemi ÞSSÍ, en stofnunin ber ábyrgð á tvíhliða þróunarsamvinnu við einstök ríki og fer með um 40% af heildarframlögum Íslands til þróunarsamvinnu. Á grundvelli hennar er starfsemi haldið áfram í þremur samstarfslöndum Íslands, Malaví, Mósambík og Úganda sem öll eru í hópi fátækustu ríkja heims. Samstarfi við fjórða landið, Níkaragva, lauk í árslok 2012 og er nú unnið að úttekt á samstarfsverkefni stofnunarinnar þar á sviði jarðhita.

Í samstarfslöndunum þremur er áhersla lögð á að styðja við umbætur í fiskimálum, menntun, heilbrigðismálum og vatns- og hreinlætismálum. ÞSSÍ hefur þó ekki sagt skilið við verkefni á sviði jarðhita því unnið er að öflugum stuðningi við jarðhitamál í austanverðri Afríku í samstarfi við Norræna Þróunarsjóðinn, en verkefnið er liður í samstarfi Íslands og Alþjóðabankans um jarðhitanýtingu í Austur-Afríku (sjá nánar kafla 6.4. og 8.4.).

Í samræmi við Þróunarsamvinnuáætlun hækkuðu framlög til stofnunarinnar nokkuð á árinu 2012 miðað við fyrri ár og gert er ráð fyrir umtalsverðri hækkun á árinu 2013. Unnið er að því að styrkja starfsemina í öllum samstarfslöndum Íslands samkvæmt þeim áherslum sem lagt er upp með í áætluninni. Unnið hefur verið að sérstökum samstarfsáætlunum með öllum löndunum þremur. Samstarfsáætlun við Malaví hefur þegar verið samþykkt og er unnið samkvæmt henni en gert er ráð fyrir að samstarfsáætlanir við Mósambík og Úganda verði tilbúnar um mitt ár 2013.

ÞSSÍ hefur á undanförunum árum verið að þróa verklag sitt í þróunarsamvinnu. Alþjóðleg viðmið og áætlanir samstarfslandanna í baráttunni gegn fátækt eru þar höfð að leiðarljósi ásamt þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið á sviði þróunarsamvinnu. Áhersla er lögð á árangur og að stuðningurinn nái til hinna fátæku. Stofnunin hefur tekið skref í þá átt með því að vinna beint með héraðsstjórnnum, nærri grasrótinni, þar sem opinber grunnþjónusta er veitt. Þessi nálgun hefur náð fótfestu í Malaví en unnið er að samskonar héraðsnálgun í samstarfsáætlunum við Mósambík og Úganda. Í öllu samstarfi sem stofnunin tekur þátt í er skýrt kveðið á um að auka gæði stjórnsýslu jafnframt því að bæta grunnþjónustu við almenning og að styðja við sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Stofnunin leggur áherslu á að útfæra markvisst þá stefnu sem henni er mörkuð í þróunarsamvinnuáætlun og á árinu 2012 komu út tvö skjöl sem miða að því. Annars vegar er það *Sýn og starfshættir ÞSSÍ 2012-2014* sem skýrir þær áherslur sem stofnunin setur sér til að vinna að framgangi stefnu stjórnvalda í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og hvernig stofnunin hyggst ná settum markmiðum hennar. Hins vegar er það *Leiðarljós ÞSSÍ í umhverfismálum* þar sem útfærsla ÞSSÍ á stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum er lögð fram og skýrð ásamt því að aðgerðaáætlun stofnunarinnar til ársins 2014 er kynnt.

Stofnunin leggur enn fremur ríka áherslu á að aðgengi almennings að upplýsingum um starfsemi hennar sé gott og heldur meðal annars úti vefsíðu þar sem leitast er við að gera sem best grein fyrir því sem hæst ber. Þar eru meðal annars fluttar fréttir af starfseminni og allar rýnskýrslur og úttektir um einstök verkefni eru birtar þar. Þá gefur stofnunin vikulega út *Veftímarit um þróunarmál* og starfsmenn stofnunarinnar taka þátt í margvíslegum ráðstefnum, málstofum og öðrum kynningum fyrir hópa og almenning.

8.1. MALAVÍ

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Gerð samstarfsáætlunar 2012-2014. Lokið: Okt. 2011.	Lokið	
Mannauður: Með áherslu á menntun, heilbrigðismál og hollustuhætti.	Á áætlun	

Á árinu 2012 var samstarfsáætlun með héraðsyfirvöldum í Mangochi héraði staðfest og var skrifað undir samning þess efnis í maí. Áætlunin er til fjögurra ára og er nú unnið samkvæmt

henni. Stuðningi er beint að þremur málaflökkum sem eru lýðheilsa, vatns- og hreinlætismál og grunnmenntun í héraðinu. Greitt er inn í sérstakan þróunarsjóð sem héraðsstjórnvöld bera ábyrgð á og hafa þau umsjón með allri framkvæmd, en eftirlitsskylda liggur hjá malavískum stjórnvöldum. Starfsmenn ÞSSÍ eru til ráðgjafar og fylgjast jafnframt með að fjármunum sé ráðstafað samkvæmt áætlunum. Verið er að leggja lokahönd á verkefnaskjöl í þessu samstarfi en sérstök áhersla er lögð á að bæta gæði stjórnsýslunnar í héraðinu þannig að hún hafi bolmagn til að veita íbúum héraðsins góða grunnþjónustu í þeim málaflökkum sem samstarfið beinist að.

Í desember 2011 lauk heilbrigðisverkefni ÞSSÍ í Monkey Bay. Samstarfið hafði þá staðið í um áratug og beindist að uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Monkey Bay svæðinu sem tilheyrir Mangochi héraði. Byggt var sjúkrahús í Monkey Bay og heilsugæslustöðvar í nágrannabyggðum ýmist byggðar eða endurbættar. Jafnframt var mikil áhersla lögð á bættu þjónustu við íbúana. Á árinu 2011 var enn bætt við sjúkrahúsið og einnig opnuð ein heilsugæslustöð í afskekktu byggð á svæðinu. Formleg afhending sjúkrahússins fór fram í mars 2012 þegar utanríkisráðherra afhenti heimamönnum sjúkrahúsið og lauk þar með þeim framkvæmdum og endurbótum sem áætlað var að gera. Formleg úttekt á verkefninu er á áætlun á árinu 2013. Lýðheilsuverkefnið sem hófst í kjölfar heilbrigðisverkefnisins í Monkey Bay beinist fyrst og fremst að uppbyggingu fæðingardeilda og allri starfsemi í kringum þær í Mangochi héraðinu öllu, með það fyrir augum að draga úr mæðra- og ungbarnadauða og stuðla að bættri heilsu barna. Skrifstofa héraðslæknis hefur sett skýr markmið þar að lútandi og mun verkefnið gegna mikilvægu hlutverki í að vinna að framgangi þeirra.

Stofnunin hefur beint stuðningi að vatns- og hreinlætismálum á Monkey Bay svæðinu síðan árið 2007, en í kjölfar verkefnisins hefur snarlega dregið úr kóleru á þessu svæði og nú finnast varla dæmi um kólerutilfalli. Um 450 vatnsból hafa verið gerð sem þjóna um 116 þúsund manns. Í júní 2011 fluttu staðarráðnir starfsmenn sem starfað höfðu fyrir ÞSSÍ yfir til vatnsmálaskrifstofunnar í Mangochi og var það liður í að héraðsyfirvöld tækju að sér umsjón með öllum málaflökkum. Vatnsmálaskrifstofan hefur nú bolmagn til að sjá um allar framkvæmdir í vatns- og hreinlætismálum sem njóta stuðnings ÞSSÍ. Gerð hefur verið heildarúttekt á vatnsmálum í héraðinu og unnið er að endurnýjun og fjölgun vatnsbola samkvæmt áætlun héraðsyfirvalda. Á síðari hluta ársins 2012 hófst vinna við 48 vatnsból sem veita munu allt að 12 þúsund manns aðgang að hreinu vatni.

Þá hefur stofnunin um árabil unnið að uppbyggingu grunnskóla í Mangochi héraði og hélt það samstarf áfram á tímabilinu 2011-2012 en hefur nú færst yfir á héraðsgrundvöll líkt og önnur verkefni. Unnið er að uppbyggingu vanbúinna grunnskóla með það að markmiði að bæta námsárangur grunnskólabarna og draga úr brottfalli. Nú er unnið að þróun samstarfsins fyrir tímabilið 2013-2016. Á árinu 2012 hófst tilraunaverkefni um skólamáltíðir úr hráefni sem ræktað er í heimabyggð fyrir grunnskólabörn. Verkefnið er unnið í samstarfi við WFP og stjórnvöld í Malaví.

8.2. MÓSAMBÍK

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Gerð samstarfsáætlunar 2012-2014. Lokið: Okt. 2011.	Í vinnslu	Lokið: júní 2013
Auðlindir og mannaúður: Með áherslu á fiskimál og menntun.	Á áætlun	

Í Mósambík styður Ísland við verkefni á sviði fiskimála og fullorðinsfræðslu. ÞSSÍ hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í verkefnastoð (*e. programme*) í fiskimálum sem heimamenn hafa umsjón með en Íslendingar ásamt Norðmönnum leggja til fjármagn og veita faglegan stuðning. Um er að ræða stuðning við fiskimálaráðuneyti Mósambík og undirstofnanir þess. Verkefnastoðin er framkvæmd í samræmi við heildaráætlun Mósambík í fiskimálum og miðast stuðningurinn við þær áherslur sem þar eru settar fram. Um er að ræða stofnanauppbyggingu í ráðuneytum og stofnunum en einnig framkvæmd afmarkaðra verkefna. Innleiðing sérhæfðs fjármálakerfis er mikilvægur þáttur í verkefninu en ráðuneyti fiskimála og allar stofnanir þess nota nú slíkt kerfi sem bætir skipulagningu og eftirfylgni við starfseminna. Þá hefur sérstök eftirlitsstofnun með fiskveiðum verið sett á laggirnar. Vegna þessa hefur Mósambík orðið fyrir valinu til að hýsa miðstöð SADC ríkja gegn ólöglegum fiskveiðum. Einnig öðlaðist Rannsóknastofa fiskiðnaðarins í Mapútó faggildingu í júlí 2012, fyrst allra rannsóknastofa í Mósambík. Mikilvægir þættir verkefnisins snúa einnig að stuðningi við smábátaútgærð og auknum möguleikum í fiskeldi. Í þessu sambandi má nefna að stofnun um málefni smábátaútgærðar framkvæmdi umfangsmikla kortlagningu á samfélögum sem byggja afkomu sína á smábátaútgærð í júní 2012, en hún skapar frekari grunn að stuðningi við þessi samfélög í framtíðinni. Þá lauk mósambíska Fiskeldisstofnunin kortlagningu vænlegra fiskeldissvæða og fékk mörg þeirra samþykkt af skipulagsyfirvöldum. Í lok árs 2012 bauð stofnunin út byggingu rannsóknastofnunar fiskeldismála í Chockwe, sem miklar vonir eru bundnar við fyrir uppbyggingu greinarinnar. Verkefnastoðin fór í óháða úttekt á árinu 2012. Helsta gagnrýni í úttektarskýrslunni beindist að skipulagi verkefnisstofnunarinnar, að betur hefði mátt skilgreina markmiðin og þann árangur sem stefna átti að. Í skýrslunni var líka bent á ýmislegt sem hefði tekist vel eins og uppbygging landhelgiseftirlits auk ýmissa viðfangsefna á sviði hafrannsóknna, fiskveiðistjórnunar og fiskeldis. Unnið er að útfærslu á frekari stuðningi við fiskimál í Mósambík með tilliti til niðurstaðna úttektarskýrslunnar.

Annað samstarfsverkefni ÞSSÍ í Mósambík er með þarlandu menntamálaráðuneyti á sviði fullorðinsfræðslu í Inhambane fylki. Stuðningurinn nær til 14 héraða í fylkinu og er heildarfjöldi þátttakenda í verkefninu um 30 þúsund manns. Á tímabilinu 2011-2012 var áhersla lögð á aðgerðir til að bæta gæði fullorðinsfræðslunnar og auka aðgengi íbúa að fræðslunni. Meðal annars var nýtt námsefni gefið út í samræmi við Fullorðinsfræðsluáætlun Mósambík 2012-2016, auk þess sem allir kennarar í fullorðinsfræðslu í sex héruðum fengu tveggja vikna þjálfun. Fyrsta fullorðinsfræðslusetrið í Mósambík, staðsett í Jangamó, var tekið í gagnið í mars 2012. Í setrinu er m.a. kennslustofa, bókasafn og tölvuver og hófust fyrstu námskeiðin í ágúst. Þá voru 40 skólaskýli byggð fyrir fullorðinsfræðslubekki í Jangamó héraði. Stuðningi var enn fremur beint að fullorðinsfræðsluyfirvöldum á þremur stjórnsýslustigum; í ráðuneyti, fylki og í héraði, sem miðar að því að auka gæði og bæta aðgengi að náminu. Verkefnið var tekið út á árinu 2012 og skilaði úttektarteymið lokaskýrslu sinni í ágúst. Úttektin sýnir að áþreifanlegur árangur hefur náðst, sérstaklega með tilliti til aukinnar færni og getu stjórnvalda til að halda úti fullorðinsfræðslunni. Bent var á að á

brattann væri að sækja þegar kæmi að útbreiðslu fræðslunnar og þeim markmiðum að fjölga nemendum. Úttektarteymið mælir með framhaldsstuðningi þar sem sérstaklega verði tekið á aðgengi og árangri nemenda og er verið að hefja undirbúning að öðrum áfanga til fjögurra ára þar sem tekið er mið af þeim ábendingum sem úttektin setti fram.

Unnið er að gerð samstarfsáætlunar við Mósambík fyrir tímabilið 2013-2016 og er gert ráð fyrir að hún verði tilbúin um mitt ár 2013.

8.3. ÚGANDA

Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Gerð samstarfsáætlunar 2012-2014. Lokið: Okt. 2011.	Í vinnslu	Lokið: júní 2013
Auðlindir og mannaúdur: Með áherslu á fiskimál, menntun og byggðapróun.	Á áætlun	

Í Úganda beinir Ísland stuðningi sínum einkum að tveimur málaflokkum: byggðapróun og fiskimálum, en veitir einnig stuðning til minni verkefna á sviði frumkvöðlafræðslu, fullorðinsfræðslu auk verkefnis sem beinist að kynbundnum áhrifum loftslagsbreytinga.

ÞSSÍ hefur stutt byggðapróunarverkefni í Kalangala héraði síðan 2006. Helstu áherslur innan verkefnisins eru á sviði fiskimála, menntunar og bættrar stjórnsýslu en einnig hefur stuðningi verið beint að heilbrigðismálum. Gerð var úttekt á verkefninu 2011. Helstu niðurstöður hennar voru að verkefnið hefði skilað árangri í öllum meginatriðum en lagt er til að styrkja heilbrigðisþátt verkefnisins, efla vöktun og mat á árangri og að heimamenn taki yfir stjórn fjármála. Mælt var með áframhaldi verkefnisins næstu fimm árin. Í framhaldi af þessu hefur verið ráðist í að færa meiri ábyrgð á herðar héraðsýfirvalda í Kalanga sem nú hafa umsjón með öllum framkvæmdum og fjármálum í samstarfsverkefninu.

ÞSSÍ styður einnig við verkefni sem hefur augin gæði fiskafurða og aflaverðmæti að meginmarkmiði. Helstu þættir verkefnisins eru annars vegar endurbætur á aðstöðu til að meðhöndla fisk á löndunarstöðum við Alberts-vatn og Kyoga-vatn og hins vegar þjálfun fyrir fólk sem starfar á sviðinu í bættri meðferð á afla. Aðstaða fyrir meðhöndlun á fiski hefur nú þegar verið bætt á átta löndunarstöðum og framkvæmdir eru fyrirhugaðar á fjórum til viðbótar. Hluti af uppbyggingunni felur í sér öflun á neysluhæfu vatni fyrir löndunarstaðina, en samhliða er gert ráð fyrir aðgangi íbúa í nærliggjandi þorpum að hreinu vatni. Úttekt var gerð á fiskgæðaverkefninu á árinu 2012 og komu gagnlegar ábendingar um hvað gera mætti betur. Í framhaldinu hafa áherslur í verkefninu verið skerptar. Of snemmt er að segja til um langtímaávinning af verkefninu í heild en heimamenn hafa bent á að þær hafi leitt til betra verðs fyrir afla.

Á tímabilinu 2011-2012 var lagður grundvöllur að samstarfsverkefni um kynbundin áhrif loftslagsbreytinga og með hvaða hætti megi aðlagast eða bregðast við þeim. Framkvæmd verkefnisins er á ábyrgð loftslagsdeildar umhverfisráðuneytisins í Úganda en það nýtur fjárhagslegs stuðnings frá Danmörku, Íslandi og Noregi. Á árinu 2011 styrkti Ísland rannsókn á kynbundnum áhrifum loftslagsbreytinga, sem unnin var af Makarere háskóla í Úganda og voru niðurstöður hennar að hluta til nýttar fyrir verkefnið. Meðal annars var skipulagt námskeið um kynbundin áhrif loftslagsbreytinga sem samstarfshópurinn, innlend stjórnvöld og Alþjóðlegi jafnréttisskólinn unnu og voru haldin fyrir starfsmenn í nokkrum héruðum í

Úganda árið 2012. Alls hafa um 60 starfsmenn frá 14 héruðum sótt námskeiðið og í lok árs 2012 verður þriðja og síðasta námskeiðið haldið fyrir 50 manns frá sjö héruðum til viðbótar.

Undanfarin ár hefur ÞSSÍ stutt þjálfunarverkefni fyrir frumkvöðla í Úganda. Verkefnið beinist að einstaklingum í smárekstri, sem vilja bæta og auka umsvifin, og veitir námskeiðið grunnþjálfun í mikilvægum þáttum rekstrarfræða. Háskólinn í Reykjavík kom að hönnun námskeiðanna og þjálfaði fyrstu kynslóð leiðbeinenda en Fjárfestingastofnun Úganda sér um framkvæmdina. Þessi námskeið hafa verið afar vinsæl og hafa um 16 þúsund manns farið í gegnum námskeiðið. Árið 2009 óskaði Belgía eftir því að setja 500 þúsund evrur til að styrkja námskeiðshaldið, og annaðist ÞSSÍ fjárreiður fyrir hönd landsins fram á mitt ár 2012.

Unnið er að gerð samstarfsáætlunar fyrir þróunarsamvinnu Íslands og Úganda. Nú eiga sér stað viðræður og samráð við stjórnvöld í Úganda og eru línurnar teknar að skýrast um áherslur næstu ára. Gert er ráð fyrir að ný samstarfsáætlun verði tilbúin um mitt ár 2013 og muni gilda til ársloka 2016.

8.4 SVÆÐASAMSTARF

Eins og fram kemur í kafla 6.4. hafa Íslensk stjórnvöld gert samkomulag við Alþjóðbankann um stuðning við þróun jarðhitamála í Austur-Afríku. ÞSSÍ er framkvæmdaaðili fyrsta hluta verkefnisins sem snýr að fyrstu stigum jarðhitaleitar og stofnanauppbyggingar í 13 löndum Austur-Afríku. Fljótlega lýsti NDF yfir áhuga á að koma að verkefninu og í september 2012 samþykkti NDF formlega samfjármögnun upp á fimm milljón evrur í verkefninu, gegn jafnháu framlagi íslenskra stjórnvalda. Vinna við undirbúning verkefnisins hefur staðið allt árið 2012 og er verkefnaskjal nú fullbúið.

Stefnt er að því að við lok verkefnisins hafi löndin skýra mynd af þeim möguleikum sem til staðar eru á sviði jarðhita, svæði hafi verið skilgreind fyrir mögulegar tilraunaboranir, og löndin hafi þá getu og mannauð til að fylgja málum eftir á næstu stigum til framleiðslu raforku. Miðað er við að íslensk sérþekking á sviði jarðhita muni leika stórt hlutverk í framkvæmd verkefnisins. Orkustofnun og Jarðhitaskóli HSP eru meðal samstarfsaðila sem koma munu að framkvæmd þess. Verkefnið var formlega kynnt á ráðstefnu um jarðhitamál í Austur-Afríku í Naíróbí í nóvember 2012 og hafa viðræður þegar hafist við Eþíópíu, Tansaníu, Rúanda og Úganda um samstarf og stuðning innan ramma verkefnisins. Frumvinna í jarðhitaleit hefur einnig hafist í Búrúndí. Vonir standa til að jákvæðar niðurstöður fáið í sex til sjö löndum sem gæfu tilefni til frekari þróunar jarðhitamála.

9. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF OG VIÐMIÐ

	Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Sameinuðu þjóðirnar	Sérstök áhersla lögð á samstarf við undirstofnanir SP sem sinna áherslumálum Íslands.	Á áætlun	
	Virk þátttaka í málefnavinnu gagnvart SP á vegum UTN og fastanefnda.	Á áætlun	
	Virkt samstarf við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.	Á áætlun	
OECD samstarf	Ísland verði aðili að DAC á framkvæmdatímabili áætlunarinnar.	Á áætlun	
	Umbætur í fyrirkomulagi rekstrar og bókhalds vegna þróunarframlaga. Lokið: Desember 2011.	Lokið	
	Jafningjarýni á þróunarsamvinnu Íslands fari fram fyrir endurskoðun þróunarsamvinnuáætlunar.	Lokið	
Parísaryfirlýsingin og Accra aðgerðaáætlunin	Mótun tímasettra markmiða í þróunarsamvinnu Íslands með tilliti til Parísaryfirlýsingarinnar og Accra aðgerðaáætlunarinnar. Lokið: Feb. 2012.	Í vinnslu	Lokið: sept. 2013.
	Virk þátttaka í starfi DAC um framgang yfirlýsingarinnar.	Á áætlun	

Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum er grundvöllur þróunarsamvinnuáætlunar. Þátttaka í störfum SP er því þungamiðja í framlagi Íslands til alþjóðasamstarfs og stór þáttur þróunarstarfi. Fastanefndir Íslands í New York, Genf og Róm taka virkan þátt í starfi SP á sviði umhverfis-, auðlinda-, mannréttinda- og þróunarmála auk neyðar- og mannúðaraðstoðar, friðargæslu og friðaruppbyggingar.

Þátttaka í starfi OECD/DAC er mikilvægur hluti af þróunarstarfi Íslands, en Ísland er þó enn ekki formlegur aðili að nefndinni. Meginhlutverk hennar er að koma á sameiginlegum viðmiðum um framkvæmd aðstoðar og veita faglegt aðhald með reglulegum úttektum og jafningjarýni, en aukinn árangur þróunarsamvinnu er eitt helsta markmið nefndarinnar. Í nóvember 2012 kom sendinefnd frá DAC og framkvæmdi sérstaka rýni á þróunarsamvinnu Íslands, en rýnin er liður í aðild Íslands að nefndinni. Niðurstöður rýninnar voru mjög jákvæðar í garð þróunarsamvinnu Íslands og kemur þar fram að þróunarsamvinna Íslands, sem byggist á traustum grunni, komi vel út í samanburði við nokkur þeirra aðildarríkja þróunarsamvinnunefndarinnar sem þykja standa sig hvað best á þessu sviði. Þá er talið aðdáunarvert að Ísland hafi skuldbundið sig til að auka framlög til þróunarsamvinnu þrátt fyrir erfiðar efnahagslegar aðstæður. Fyrirhuguð aðild að nefndinni er því talin Íslandi, sem og öðrum aðildarríkjum að nefndinni, til hagsbóta. Í skýrslunni koma einnig fram gagnlegar ábendingar sem nýttar verða til að gera þróunarstarf Íslands enn betra.

Íslensk þróunarsamvinna tekur mið af alþjóðlegum yfirlýsingum um árangur þróunarstarfs, s.s. Parísaryfirlýsingunni (2005), Accra-aðgerðaáætluninni (2008) og Búsanyfirlýsingunni (2011). Lögð er áhersla á að unnið sé samkvæmt viðmiðum þeirra til að auka árangur þróunarstarfs og hefur ÞSSÍ sett sér tímasett markmið um framgang Parísaryfirlýsingarinnar í starfi stofnunarinnar.

10. STEFNUMÖRKUN, INNRA OG YTRA STARF

	Aðgerðir samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun	Staða	Athugasemdir
Stefnumörkun og eftirlit	Endurskoðuð þróunarsamvinnuáætlun lögð fyrir Alþingi 2013.	Lokið	
	Utanríkisráðherra gefur skýrslu til Alþingis um framkvæmd áætlunarinnar 2013.	Lokið	
	Regluleg skýrslugjöf til utanríkismálanefndar og fjárlaganefndar.	Á áætlun	
Samspil tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu	Stofnun fagteyma UTN og ÞSSÍ á eftirfarandi sviðum til eflingar tvíhliða- og marghliða samvinnu: Jafnréttismál, auðlindamál og verklag og eftirlit.	Lokið	
	Mótun umhverfisstefnu	Í vinnslu	Lokið: apríl 2013
	Mótun jafnréttisstefnu.	Lokið	
Mannauðsstjórn	Mótuð sameiginleg mannauðsstefna UTN og ÞSSÍ vegna starfa að þróunarmálum. Lok: Nóvember 2011.	Lokið	
	Sameiginlegir málfundir og námskeið á vegum UTN og ÞSSÍ.	Á áætlun	
	Komið á starfsmannaskiptum við alþjóðastofnanir og þróunarstofnanir annarra ríkja.	Á áætlun	
	Jafna hlut kvenna og karla skv. jafnréttisstefnu í þróunarsamvinnu.	Á áætlun	
Samstarf við frjáls félagasamtök	Sérstakur fjárlagaliður fyrir samstarf við félagasamtök í fjárlögum 2012.	Lokið	
	Hækkun hlutfalls framlaga sem renna til samstarfs við félagasamtök á tímabilinu.	Á áætlun	
	Sameiginlegar verklagsreglur og eitt umsóknarferli fyrir allt samstarf stjórnvalda og félagasamtaka.	Lokið	
	Stjórnvöld viðhaldi góðum samskiptum við samstarfshóp félagasamtaka.	Á áætlun	
	Félagasamtök sæti úttektum og öðrum eftirlitsaðgerðum sem fylgt er í þróunarstarfi.	Í vinnslu	Tekið til nánari skoðunar við endurskoðun verklagsreglna 2013.
Samstarf við háskólasamfélagið	Mótaðar áherslur um samstarf stjórnvalda og háskólasamfélagsins á sviði þróunarsamvinnu. Lokið: Maí 2012.	Lokið	
Kynning og umfjöllun	Árleg sameiginleg kynningaráætlun UTN og ÞSSÍ.	Lokið	
	Ráðstefnur og málþing skipulögð í samráði við félagasamtök og háskólasamfélagið.	Á áætlun	
Þátttaka einkaaðila í uppbyggingu	Unnin verði greining á möguleikum íslenskra aðila til þátttöku í uppbyggingu atvinnuvega í þróunarlöndum. Lokið: Júní 2012.	Í vinnslu	Lokið: apríl 2013

Lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008 sem þróunarsamvinnuáætlun byggist á, kveða á um virka aðkomu Alþingis að umfjöllun um þróunarmál, en samkvæmt lögnum skal utanríkisráðherra gefa Alþingi skýrslu á tveggja ára fresti, sem hér er lögð fram. Í þróunarsamvinnulögum er jafnframt kveðið á um að öll aðstoð Íslands skuli byggð á einum grunni, með skýr markmið að leiðarljósi. Aukið samspil tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu er lykilþáttur í því starfi, enda er slíkt starf markvissara og samlegðaráhrif myndast. Með það fyrir augum var samstarf utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ aukið og eflt með ýmsum hætti. Til að mynda hafa verið sett á fót fjögur fagteymi eins og áður hefur komið fram, en þau eru liður í því að auka skilvirkni og skerpa framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands. Meginhlutverk teymanna er að samræma stefnu Íslands á fyrrnefndum sviðum og auka samlegðaráhrif af verkefnum Íslands á sviði þróunarsamvinnu. Teymin hafa unnið margvíslega stefnumótunarvinnu sem fjallað hefur verið um í tilheyrandi köflum. Þá hafa sameiginlegir vinnuhópar ráðuneytisins og ÞSSÍ unnið að gerð samstarfs- og aðgerðaáætlana

fyrir áherslulönd Íslands auk þess sem gerð hefur verið samantekt um samstarf við háskólasamfélagið á sviði þróunarsamvinnu og möguleikar þar að lútandi kortlagðir.

Árangursríkt starf er innt af hendi af starfsfólki sem mikilvægt er að byggja upp og hlúa að. Ekki síst á sviði þróunarsamvinnu þar sem gerðar eru ríkar kröfur um árangur og vönduð vinnubrögð í samræmi við viðmið í alþjóðlegu þróunarstarfi. Eins og kveðið er um í þróunarsamvinnuáætlun hefur verið gerð sameiginleg mannauðsstefna utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ. Stefnunni er ætlað að virkja og efla þann mannauð er starfar á sviði opinberrar þróunarsamvinnu og hefur að markmiði að viðhalda og styrkja faglegan grundvöll alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Enn fremur er henni ætlað að tryggja að til starfa ráðist hæfasta starfsfólkið hverju sinni, stuðlað sé að stöðugri starfsþróun og að fagfólk deili þekkingu þvert á stofnanir. Meðal þess sem tekið er til umfjöllunar er fræðsla, þjálfun og menntun, starfsmannaskipti og aukin áhersla á teymisvinnu auk þess sem sérstaklega er fjallað um eftirfylgni og árangursmat.

Áherslur varðandi samstarf stjórnvalda og háskóla- og fræðasamfélagsins hafa einnig verið mótaðar í samræmi við ákvæði þróunarsamvinnuáætlunar. Samstarf utanríkisráðuneytisins við háskólasamfélagið hefur alla tíð verið gott en nú liggur fyrir að skipuleggja samstarfið með markvissari og skipulegri hætti en áður hefur verið, í þeim tilgangi að skapa frjóan jarðveg fyrir framsækna og vandaða þróunarsamvinnu. Flestir íslenskir háskólar vinna að einhverju leyti að þróunarmálum og hafa markað sér ákveðna sérstöðu, og er því góður grundvöllur fyrir auknu samstarfi. Lögð verður áhersla á rannsóknir, ráðgjöf, kennslu og þátttöku almennings í þessu samstarfi með það að markmiði að treysta fræðilegar og hagnýtar stöðir þróunarsamvinnu Íslands.

Eins og áður hefur verið greint frá, í kafla 5.2. er samstarf við félagasamtök mikilvægur þáttur í þróunarstarfi Íslands og hefur markvisst verið unnið að markmiðum þróunarsamvinnuáætlunar um að efla samstarf við frjáls félagasamtök á Íslandi. Félagasamtökin hafa lýst ánægju með samræmt ferli og verklagsreglur fyrir úthlutanir styrkja, sem unnið hefur verið eftir, auk þess sem kominn er sérstakur fjárlagaliður fyrir styrki til þessa samstarfs. Tvö námskeið hafa verið haldin til að kynna verklag í þróunarsamvinnu fyrir félagasamtökum sem voru vel sótt. Þá stóðu utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ fyrir tveimur námskeiðum fyrir almenning um þróunarsamvinnu í samstarfi við Rauða kross Íslands, en slíkt samstarf er kveðið á um í samstarfsyfirlýsingu við félagið. Eitt námskeið var haldið árið 2011 og annað 2012 og voru þau haldin í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands. Þá hafa félagasamtökin unnið mikilvægt kynningarstarf undanfarin tvö ár í samvinnu við ÞSSÍ undir slagorðinu *Þróunarsamvinna ber ávöxt* auk þess sem veftímarit Þróunarsamvinnustofnunar hefur kynnt starf félagasamtakanna.

SKAMMSTAFANIR

CERF	Central Emergency Responce Fund - Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna
DAC	Development Assistance Committee - Þróunarsamvinnunefnd
FAO	Food and Agriculture Organisation - Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
GEST	Gender Equality Studies and Training Program – Alþjóðlegi jafnréttisskólinn
HSP/UNU	United Nations University - Háskóli Sameinuðu þjóðanna
IRENA	International Renewable Energy Agency
ISAF	International Security Assistance Force - Alþjóðaliðið í Afganistan
MoWA	Ministry of Womens Affairs - Kvennamálaráðuneyti Afganistan
NDF	Nordic Development Fund - Norræni þróunarsjóðurinn
OCHA	Office for the Coordination of Humanitarian Affairs - Samræmingarskrifstofa Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
OECD	Organisation for Economic Co-operation and Development - Efnahags- og framfarastofnunin
UNICEF	United Nations Childrens Fund - Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna
UNDP	United Nations Development Program - Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna
UNFCCC	United Nations Framework Convention on Climate Change – Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna
UN Women	United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women - Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna
UNFPA	United Nations Population Fund - Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna
UNHCR	United Nations High Commissioner for Refugees - Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna
UNRWA	United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East - Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna
VPT	Vergar þjóðartekjur
WCLAC	Women’s Centre for Legal Aid and Councelling
WFP	World Food Program - Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna
WHO	World Health Organisation - Alþjóðaheilbrigðisstofnunin
SADC	South African Development Community
ÞSSI	Þróunarsamvinnustofnun Íslands

FRAMLÖG TIL OPINBERRAR ÞRÓUNARAÐSTOÐAR 2010-2012

Opinber þróunaraðstoð (ODA) – í milljónum íslenskra króna

	2010	2011	2012 Áætlun
Tvíhliða þróunarsamvinna	1.774,1	1.331,4	1.363,4
Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ)	1.428,0	1.160,9	1.213,5
þar af: Malaví	321,2	265,8	330,9
Mósambík	243,6	265,7	286,7
Namibía	249,2	60,5	
Úganda	340,0	340,0	347,3
Srí Lanka			
Níkaragva	88,4	79,5	69,5
Eþíópía	34,4		
Auðlindir og samvinna		15,7	39,8
Sérstök verkefni		12,1	13,4
Rekstrarkostnaður við aðalskrifstofu	151,2	121,5	125,9
Enduruppbygging á ófriðarsvæðum	346,1	170,6	149,9
þar af: Íslenska friðargæslan	329,1	151,0	124,1
þar af: Almennur kostnaður	40,5	39,3	32,5
Undirbúningsnámskeið	2,1	2,5	2,1
Kosningaefirlit ÖSE	7,8	6,3	3,8
Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin	61,8	2,1	2,2
Srí Lanka			
Líbería	42,8	0,1	
Mið-Austurlönd	29,3	2,0	
Balkanskagi	27,9	2,1	
Afganistan	117,0	96,6	83,5
Alþjóðleg friðargæsla (6%)	17,0	19,6	25,8
Próunarsamvinna í samstarfi við fjölþjóðlegar stofnanir	1.067,8	995,9	1.043,6
Sameinuðu þjóðirnar	576,1	552,6	554,9
þar af: Sameinuðu þjóðirnar almennt framlag (12%)	13,1	18,9	18,9
FAO	21,0	21,9	26,5
UNDP - Almennt framlag	24,5	22,1	23,6
UNDP – JPO - verkefni	22,7		
UNDP - Integrated Framework Trust Fund	13,1		
UNICEF - Almennt framlag	44,1	76,9	69,8
UNICEF - Neyðaraðstoð			11,4
UNICEF - Verkefni í Gíneu Bissá	64,8		
UNICEF - Verkefni í Palestínu	11,5	11,3	12,7
UNICEF - Fulltrúi Palestínu		4,6	
UNICEF - Fulltrúi Palestínu		14,5	17,5
UNICEF - Fulltrúi Sómalíu		1,6	4,3
UNICEF - UNFPA FGM		24,2	
UNICEF - JPO verkefni			17,0
UNICEF - Landsnefnd UNICEF		5,0	5,5
UN Women - Almennt framlag	31,1	58,5	76,2
UN Women - Réttindi kvenna í suðaustur-Evrópu	30,2		
UN Women - Fulltrúi Balkanskaga		17,0	18,9
UN Women – Styrktarsjóður um afnám ofbeldis gegn konum	10,4	11,3	11,4
UN Women - Afganistan	12,8	11,3	12,2
UN Women - Palestína	12,4	22,6	12,7

UN Women - JPO verkefni	33,6		
UN Women - Landsnefnd	4,5	5,0	5,5
UNRWA - Almennt framlag	65,6	24,6	11,4
UNRWA - Fulltrúi í Amman	13,4	4,9	20,3
UNRWA - Fulltrúi í Jerúsalem		3,7	17,3
UNRWA - Fulltrúi í Beirút		15,6	16,1
UNRWA - Neyðaraðstoð			6,3
UNESCO (60% frá 2011)	10,8	14,9	14,2
UNESCO - Neyðarsjóður (60%)		7,3	
OCHA - Almennt framlag	28,8	11,2	
OCHA - Palestína / Fulltrúi	5,7	4,6	
OCHA - Almannaáhrifverkefni / Fulltrúi		3,0	4,7
OCHA - Námskeið			2,0
OCHA - Neyðarsjóður (CERF)	12,1		10,1
OCHA - Neyðarsjóður fyrir Palestínu			12,7
UNFPA - Almennt framlag	13,0	20,3	9,0
UNFPA - Baráttan gegn fistlí	12,3	8,0	7,0
UNFPA - Verkefni í Afganistan		23,0	
UNHCR - Almennt framlag	12,1	5,5	
UNHCR - Líbía		6,0	
UNHCR - Afganistan		11,5	
UNHCR - Síryland			6,3
WFP - Neyðaraðstoð	26,3	23,4	25,5
WFP - Fulltrúi			10,8
UNITAR - Mennta- og rannsóknarstofnun SP			
WHO (76%)	11,5	11,9	11,4
Þróunarsjóðir á sviði hafréttar- og landgrunnsm. (DOALOS)		2,3	2,3
IAEA - Almennt framlag (33%)		6,1	5,8
IAEA - Tæknisjóður	3,9	4,6	4,2
ILO (60% síðan 2011)	11,1	13,4	13,4
Alþjóðabankinn	421,4	291,2	347,9
þar af: Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	234,1	234,1	204,0
Samstarf í fiskumálum PROFISH	61,7	0,5	12,7
Samstarf í orkumálum ESMAP	52,5	37,5	53,7
Samstarf í jafnréttismálum GAP / Gender Umbrella	52,0		19,0
Skuldaniðurfelling þróunarríkja hjá IDA (MDRI)	15,5	19,1	22,7
Mannréttindasjóður	5,7		
Verkefnasjóður			29,2
Kjördæmissamstarf			4,1
Samstarfssamningur um orkumál í Austur-Afríku			2,5
Önnur marggliða þróunarsamvinna	70,2	152,1	140,9
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	18,6	64,0	41,6
Styrktarsjóður fyrir smáeyþróunarríki - IGI	17,4	8,4	
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)	1,2	2,9	3,2
Alþjóðaráð Rauða Krossins	10,5	10,0	10,0
Orkumál		6,0	1,8
Loftslagsverkefni - WEDO		4,9	6,3
Loftslagsverkefni - FAO+GEST		17,1	1,3
Loftslagsverkefni - LDC Fund		16,4	19,0
Loftslagsverkefni - ICEIDA		3,2	
Loftslagsverkefni - IRENA			38,0
Loftslagsverkefni - UN Women			19,0
RIO+20 Fund		3,1	

Tæknileg aðstoð við þróunarríki vegna orku- og auðlindamála			0,7
Skuldastýring í þróunarríkjum	22,5	16,1	
Annað	639,6	638,7	793,7
Jarðhitaskóli Háskóla SP	194,2	187,9	236,3
Sjávarútvegsskóli Háskóla SP	152,4	157,3	165,4
Landgræðsluskóli Háskóla SP	47,6	50,0	69,6
Jafnréttisskóli	29,6	38,5	45,2
Háskóli Íslands - Alþjóðamálastofnun	1,0	1,0	1,0
Flóttamannaaðstoð		20,0	25,0
Framlög til félagasamtaka	121,0	107,9	174,7
þar af: ABC barnahjálp	0,5	2,1	22,1
Barnaheill	23,5	16,8	12,3
Rauði kross Íslands	48,0	40,3	58,6
Hjálparstarf kirkjunnar	24,5	24,7	37,5
Samband íslenskra kristniboðsfélaga			5,3
SOS - Barnaþorp	24,5	24,0	31,3
ENZA			4,7
BISER			2,7
Ráðgjöf - umsóknir			0,2
Þróunarverkefni í Palestínu	21,0	5,3	12,1
Þróunarverkefni í Afganistan		3,0	1,4
Neyðaraðstoð í Afganistan - Neyðarsjóður ISAF	7,8	6,5	6,3
Framkvæmd ályktunnar 1325		0,7	
Mannréttindaverkefni í þróunarlöndum	13,1	6,2	
Félag S.Þ. á Íslandi	3,6	3,6	3,6
Rekstrarkostnaður	48,3	51,0	53,1
SAMTALS	3.481,4	2.966,0	3.200,7
Hlutfall af vergum þjódartekjum (%)	0,27	0,21	0,21
Vergar þjódartekjur (í milljónum króna) - samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, nóv. 2012.	1.267.024	1.382.874	1.502.563

STYRKIR TIL ÍSLENSKRA FÉLAGASAMTAKA 2011-2012

Styrkir til íslenskra félagasamtaka árið 2011

Barnaheill - Save the Children á Íslandi	Samtals:	16.300.000
Menntaverkefni f. fyrrum flóttabörn í Norður Úganda		10.000.000
sama		3.300.000
Sómalía, Kenýa, Eþíópía: Neyðaraðstoð v. þurrka.		3.000.000
Hjálparstarf kikjunnar	Samtals:	24.700.000
Að bjarga lífi og lína þjáningar, í Sómalíu		10.000.000
Eþíópía - Samþætt þróunar- og neyðarverkefni		12.000.000
Eþíópía - Viðbrögð við neyð af völdum þurrka		2.700.000
SOS Barnaþorpin	Samtals:	24.500.000
Grunnskólabygging - Gulu - Úganda		12.000.000
Neyðaraðstoð meðal Sómalskra flóttamanna		10.000.000
Sómalía, Kenýa, Eþíópía: Viðbrögð við hungursneyð		2.500.000
Rauði kross Íslands	Samtals:	43.300.000
Súdan – Neyðarkall ICRC		7.000.000
Líbía - Neyðaraðstoð		5.000.000
Undirbúningur heilbrigðisverkefnis í Malaví		7.000.000
Endurhæfing ungmenna í Sierra Leone		10.000.000
Sómalía: Hungursneyð v. þurrka. Neyðarkall ICRC		4.300.000
Japansaðstoð v. jarðskjálfta		10.000.000
	Samtals árið 2011	108.800.000

Styrkir til íslenskra félagasamtaka árið 2012

Barnaheill - Save the Children á Íslandi	Samtals:	12.300.000
Menntaverkefni f. fyrrum flóttabörn í Norður Úganda		12.300.000
Hjálparstarf kikjunnar	Samtals:	37.500.000
Þróunar- og neyðarverkefni í Jijiga, Eþíópíu		22.000.000
Neyðaraðstoð vegna hungursneyðar í Malaví		5.000.000
Efnahagsleg uppbygging og vatnsverkefni í Malaví		10.500.000
SOS Barnaþorpin	Samtals:	31.293.982
Neyðarverkefni fyrir fylgdarlaus flóttabörn, S-Súdan		6.412.000
Stuðningur við bágstaddar fjölskyldur í Gíneu Bissá		12.981.982
Uppbygging niðurmídds barnaþorps á Haítí		11.900.000
Rauði kross Íslands	Samtals:	58.688.500
ICRC neyðarkall vegna fæðuskorts í Malí og Níger		12.000.000
Þjálfun fyrir sjúkraflutningamenn, Palestínu		6.283.500
Heilbrigðisverkefni í Mangochi héraði í Malaví		26.500.000
Alþjóðlegt neyðarkall vegna kóleru í Síerra Leóne		13.905.000
ABC barnahjálpi		
Bygging barnaskóla og heimavistar í Naíróbí í Kenýa		22.100.000
Samband ísl. kristniboðsfélaga		
Bygging heimavistar f. framhaldsskólastúlkur í Kenýa		5.300.000
Biser		
Uppbygging kvennamiðstöðva í Bosníu		2.739.000
ENZA		
Fræðslu og endurhæfingarmiðstöð fyrir konur í S-Afríku		4.700.000
	Samtals árið 2012	174.621.482